

Bstj. 30. nóvember 2011

2. mál Atvinnustefna Reykjavíkurborgar

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég opna hér umræðu um fyrirbyggjandi drög að atvinnustefnu Reykjavíkur sem lögð voru fram í borgarráði ásamt fimm ára áætlun á fundi þess sl. mánudag og vísa jafnframt í ræðu mína hér um fimm ára áætlun áðan, því hér er bæði sett fram sýn sem kallað var eftir, til dæmis af borgarfulltrúa Gísla Marteini Baldurssyni og skýr stefna og síðast en ekki síst aðgerðir til að ná að hrinda þeirri stefnu í framkvæmd hvað varðar í raun tekjugrunn atvinnu og þróun þess hluta samfélagsins sem auðvitað skiptir verulegu máli varðandi það hvernig Reykjavík þróast á næstu árum og við vorum að ræða í efnahagslegu samhengi rétt í þessu.

Í atvinnustefnunni er lagt til, eins og fram kemur í meðfylgjandi skjali, eftirfarandi leiðarljós með leyfi forseta:

Reykjavík styrkir hlutverk sitt sem höfuðborg landsins og forystuafl í vaxandi alþjóðlegri samkeppni um fyrirtæki, fjárfestingu, vinnuafli og ferðamenn. Reykjavík verði í fararbroddi í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum, mannréttindum og jafnréttismálum og axli forystuhlutverk við uppbyggingu og sjálfbæra þróun íslensks samfélags. Reykjavík verði í fararbroddi grænnar þróunar, heilnæmt umhverfi og fagurt mannlíf verði í fyrirrúmi. Reykjavík þróist og dafni sem alþjóðleg menningar- og þekkingarborg þar sem eftirsóknarvert er að búa og starfa og gott er að vera gestur. Reykjavík geri það sem í hennar valdi stendur til að atvinnulíf í Reykjavík byggji á fjölbreytni, háu þekkingarstigi, sköpunarkrafti, öflugum útflutningi og verðmætasköpun og styðji þannig við samkeppnishæfni Íslands til skemmri og lengri tíma.

Það eru jafnframt nefnd á síðu tvö ... sex, ég biðst afsökunar, síðu sex, lykilmarkið sem sett eru ásamt leiðarljósunum til þess að ná í þá átt og það er í fyrsta lagi:

Góð skilyrði fyrir stofnun og rekstur fyrirtækja með sérstakri áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki, góð vaxtarskilyrði fyrir fjölbreytt, grænt og skapandi atvinnulíf sem mæti mentaði og þörfum beggja kynja. Hagkvæmt skipulag atvinnusvæða sem stuðli að grænni og sjálfbærri borgarþróun og skapandi borg. Myndun klasa á lykilsviðum þar sem sóknarfæri eru í atvinnulífi. Aukin fjárfesting í atvinnulífi og á húsnæðismarkaði og markviss opinber fjárfesting til að bæta lífsgæði, menntun, almenningsrými og sjálfbærar samgöngur og tryggja nauðsynlega innviði fyrir framsækið atvinnulíf. Blómlegt samstarf borgar, háskóla og atvinnulífs. Náð og gott samstarf við þá fjölmörgu aðila sem vilja vinna að sömu sýn og markmiðum fyrir Reykjavík, höfuðborgarsvæðið og framtíðaratvinnulíf á Íslandi. Markviss markaðssetning borgarinnar gagnvart ferðafólki. Markviss markaðssetning borgarinnar gagnvart beinni innlendri og

Bstj. 30. nóvember 2011

erlendri fjárfestingu í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og markviss samhæfing skipulags, lóðaúthlutana, framkvæmda og annarra þátta stefnumótunar sem eru nauðsynlegir fyrir markvissa eftirfylgni atvinnustefnunnar.

Það er svo gert ráð fyrir því að fjármáladeild, skrifstofa borgarhagfræðings, og eftir atvikum aðrir, geri tillögu að mælanlegum markmiðum til þess að meta framfylgd stefnunnar en meginuppistaðan í því plaggi sem hér er lagt fram er tillaga að aðgerðaáætlun þar sem verið er að horfa til átta svokallaðra stefnuvísar, átta lykilþátta sem þurfa að vera áhersluatriði til þess að leiðarljósinn gangi eftir og við þróumst í átt til grænu borgarinnar, skapandi borgarinnar og alþjóðaborgarinnar sem við höfum verið að ræða hér í dag.

Þetta eru sömu stefnuvísar og unnið hefur verið með í aðalskipulagsvinnunni sem vonandi mun birtast borgarþúum á allra næstu vikum eða í upphafi næsta árs. Þetta er græna borgin, menningarborgin, ferðamannaborgin, þekkingarborgin, hafnarborgin og höfuðborgin. Margir þættir úr aðalskipulaginu kristallast síðan í þættinum lífsgæðaborgin, sem hér er 7. þátturinn, og svo má segja að athafna- og nýsköpunarborgin sé þátturinn sem sprettur út úr atvinnustefnunni sjálfri. Og við stillum þessu upp sem nokkurskonar skipuriti þar sem atvinnustefnan trónir efst og þessir átta stefnuvísar hanga undir en í raun á að vera hægt að snúa þessu á alla kanta. Þetta er í raun þrívíð mynd þannig að það á að vera hægt að hafa grænu borgina í öndvegi og græna stefnan á að ganga í gegnum alla hina þættina, alveg eins og atvinnustefnan gengur í gegnum þá og við eigum að geta horft á menningarborgina í öndvegi og hún á líka að kvíslast niður í alla hina þættina, atvinnustefnuna, ferðamannastefnuna, lífsgæðastefnuna, hafnarborgina og svo framvegis. Vegna þess að þetta er ekki svona skilaboð að ofan, atvinnustefna að ofan, þetta eru einfaldlega þættir sem eru allir samhangandi og eiga að ganga upp hver í öðrum til þess að við náum markmiðum okkar um græna, skapandi og alþjóðlega borg.

Hvaðan er þessi atvinnustefna sprottin? Eins og fram kemur í greinargerð sem hefst á bls. 40 í plagginu, þá sprettur stefnan af þrennu. Í fyrsta lagi ítarlegu samráði, greiningu og undirbúningi sem staðið hefur yfir undanfarið ár í tengslum við atvinnustefnuna beint. Við höfum líka fengið að njóta góðs af því samráði, greiningu og undirbúningi sem fram hefur farið vegna aðalskipulags Reykjavíkur, ekki bara á þessu kjörtímabili heldur líka síðasta kjörtímabili, og síðan hefur verið

Bstj. 30. nóvember 2011

horft til annarrar samþættrar stefnumótunar borgarinnar, aðgerðaáætlananna sviða og fyrirtækja þeirra.

Það er núna rúmt ár síðan borgarstjórn ákvað að móta atvinnustefnu og að jafnhliða ætti að leggja fram aðgerðaáætlun og því verkefni var vísað til svokallaðs aðgerðahóps og á vettvangi hans var ráðgjafarfyrirtækið Expectus fengið til samstarfs í upphafi og vinna þess fólst í fyrsta lagi að taka saman greiningarskýrslu þar sem ýmsar hagtölur og tölfræði um atvinnumál alls höfuðborgarsvæðisins var safnað. Það var haldinn vinnufundur á Höfðatorgi á 7. hæð með öllum borgarfulltrúum, lykilstjórnendum borgarinnar og embættismönnum þar sem setið var á borðum og glímt við meginspurningar sem síðan birtast hér í leiðarljósum og lykilmarkmiðum. Í þriðja lagi var efnt til samráðs við 25 mismunandi hagsmunaaðila í samfélaginu, öll helstu samtök í atvinnulífi og verkalýðshreyfingu, stærstu fjármálastofnanir, fulltrúa skapandi greina og Jafnréttisstofu og á þeim fundum voru teknir niður punktar sem síðan voru lagðir fram í aðgerðahópnum en það var raunar um það leyti sem aðgerðahópurinn lauk störfum vegna ágreinings um störf hans þannig að í kjölfarið kom það mikið til í hlut meirihlutans að leiða vinnuna áfram og það var settur upp sérstakur hópur með erindisbréfi frá borgarstjóra sem ég leiddi og í honum voru þeir sviðsstjórar sem koma mest að mótun atvinnustefnu en í raun myndi það segja mjög litla sögu að vísa bara í þann hóp vegna þess að öll yfirstjórn borgarinnar, allir sviðsstjórar, hafa komið að þessu með einum eða öðrum hætti og það hefur sérstaklega verið kallað eftir innspili frá hafnarstjóra undir hafnarborginni og Orkuveitu Reykjavíkur út af stefnumiðun um að nýta græna orku.

Síðast en ekki síst eru mjög margar af þeim verkefnahugmyndum sem urðu hryggjarstykkið í atvinnustefnunni hugmyndir hagsmunaaðila sem sóttar voru út í atvinnulífið sjálft til fólks sem er að velta þessum málum fyrir sér og hugsa um þau á hverjum degi, auk þess sem glöggir lesendur munu strax sjá að verkefni undir ferðamálaborginni eru auðvitað þau sömu og í nýju ferðamálastefnunni, verkefni sem eru undir stefnuvísunum hverjum um sig kallast á við margvíslega stefnumótun sem þegar hefur verið samþykkt eða hefur verið í burðarliðnum hjá borginni og er nú tekið af skarið með að séu áherslumál borgarstjórnar, ef það

Bstj. 30. nóvember 2011

verður endanleg niðurstaða, því við erum stödd þar í ferlinu að hér er verið að leggja fram drög í fyrsta skiptið eins og gert var með húsnæðisstefnuna á dögnum og það er gert ráð fyrir því, eins og fram í bréfi sem lagt var fyrir borgarráð með stefnunni, að hún verði ekki bara tekin til umræðu hér samhliða fimm ára áætlun heldur send til umsagnar hjá öllum fagráðum Reykjavíkur, hjá fyrirtækjum borgarinnar eða öllu heldur stjórnnum þeirra, framkvæmda- og eignasviði, fjármálaskrifstofu, innkaupaskrifstofu, mannauðsskrifstofu og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, auk þeirra hagsmunaaðila sem voru með í ráðum í upphafi og annarra hagsmunaaðila sem borgarráðsfulltrúar vilja bæta við listann sem við ákveðum endanlega á fundi borgarráðs á morgun. Þannig að bakgrunnurinn og bakgrunnsgögnin eru auðvitað miklu fleiri og meiri heldur en komast fyrir í stuttri greinargerð en plaggið er samt nógu stórt samt að mínu mati.

Mig langaði aðeins til þess að stikla á stóru í aðgerðaáætluninni. Hún er sett þannig upp að undir hverjum og einum stefnuvísi af þessum átta er sett fram stutt leiðarljós, til að mynda um athafna- og nýsköpunarborgina með leyfi forseta:

Í Reykjavík skapist vaxtarskilyrði fyrir kraftmikið atvinnulíf sem einkennist af fjölbreytni og nýsköpun, aðgengilegt og hagkvæmt á að vera að stofna og reka fyrirtæki í borginni, stuðlað verði að stöðugleika í starfsumhverfi með fyrirsjáanlegum og gegnsæjum leikreglum sem styðji við samkeppni og sjálfbæran vöxt. Verkefni sem lúta að atvinnuþróun og samstarfi með þátttöku borgarinnar þurfa einnig að virða samkeppnissjónarmið, jafnræði, jafnrétti og aðrar almennar leikreglur. Borgin vill jafnframt tryggja auðskiljanleg og markviss umsagnar- og leyfisferli og einfalt og skilvirkt eftirlit með atvinnurekstri. Borgin leggur áherslu á að upplýsingar um reglur og aðstöðu fyrir atvinnurekstur séu greinargóðar og auðsóttar.

Tilvitnun lýkur. Þannig leiðarljós eru með hverjum og einum stefnuvísi og síðan eru verkefni sem að þessu lúta. Undir athafna og nýsköpunarborginni eru þetta verkefni sem skiptast annars vegar í það sem lýtur að nýsköpun og hinsvegar þjónustu- og rekstrarskilyrði og í þriðja lagi eftirfylgni. Undir nýsköpun er gert ráð fyrir því að gerður verði vaxtarsamningur fyrir höfuðborgarsvæðið milli ríkis, Reykjavíkurborgar og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til þess að mynda sambærilegt tæki og er fyrir aðra landshluta og er núna til dæmis orðið farvegur fyrir 800 milljóna króna styrkjafé fjárlaganefndar, sem ekki er lengur inni í fjárlaganefndinni heldur farið út til ráðuneyta.

Bstj. 30. nóvember 2011

Í öðru lagi er kynnt hugmynd um lánatryggingasjóð ungs fólks og frumkvöðla sem yrði systursjóður lánatryggingasjóðs kvenna sem borgarfulltrúar þekkja og var endurreistur fyrr á þessu ári. Í þriðja lagi er teft fram samstarfsverkefni við Nýsköpunarmiðstöð um að fjölga nýsköpunarsetrum sem þegar eru orðin fjögur í borginni en mættu vera fleiri í vannýttu húsnæði. Í fjórða lagi er talað um klasasamstarf, fimmta lagi fablabb, sjötta lagi nýsköpunarstuðning, sjöunda lagi nýsköpunarviðburði og tengslamyndun og þannig er stillt upp verkefnum á öllum sviðum undir hverri og einni borg eða stefnuvísi ef við nefnum það svo. Þannig hefur kerfisbundið verið farið yfir alla þá þætti sem skipta máli til þess að stuðla að sjálfbærum vexti og góðum vexti í atvinnulífi í þá átt sem borgin vill þróast, sem er í átt til skapandi, grænnar og alþjóðlegrar þekkingarborgar.

Mig langar til þess að nefna sérstaklega að það var rauður þráður í gegnum ábendingar úr atvinnulífinu, frá Samtökum iðnaðarins, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum verslunar og þjónustu, verkalýðshreyfingu og mjög mörgum öðrum að hjá borginni vantaði einhverja gátt fyrir atvinnulífið. Einhvern bandamann til þess að vinna með sér í gegnum stjórnkerfið og halda utan um samskipti við atvinnulífið. Því er mætt með því að leggja til undir nýsköpunar- og athafnaborginni að það verði skilgreind eining í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar sem fái heitið atvinnumál og borgarþróun og beri ábyrgð á eftirfylgni með atvinnustefnunni og ýmsum öðrum verkefnum eins og sést í greinargerðinni á bls. 50 og áfram, þar eru skilgreind þau verkefni sem gætu orðið meginmarkmið skrifstofunnar en þetta verkefni er skilgreint á ábyrgð stjórnkerfisnefndar, eðlilega, að vinna áfram að þessu og þetta er ákveðinn lykilla að því, af því að þess hefur verið gætt að hvert og eitt einasta verkefni sé skilgreint á skýra ábyrgð einhvers, að okkur hefur vantað það, til dæmis þegar um er að ræða stór svæði þar sem skipulag liggur fyrir og borgin á mikið undir því að það sé sett afl í að það fari að byggjast upp og aðilar á svæðinu leiddir saman, þá hefur í rauninni enginn haft það hlutverk með höndum. Né heldur borið ábyrgð á því að einfalda leyfisveitingar og ferla þvert á svið sem að atvinnulífinu lýtur, taka á móti þeim fjárfestum sem vilja fjárfesta í borginni og leiðbeina þeim í gegnum kerfið og svo framvegis.

Bstj. 30. nóvember 2011

Það er líka töluverð áhersla á höfuðborgina í heild en meginþunginn er í gegnum verkefni sem lúta að skapandi borginni og falla undir menningarborgina, þekkingarborginni, sem gerir ráð fyrir mjög nánu samstarfi við háskóla og aðrar þekkingarstofnanir, og síðast en ekki síst grænu borgina þar sem eru mjög stór verkefni sem lúta að því að skilgreina ákveðin atvinnusvæði fyrir grænan iðnað. Orkuveitan kynnir hér nýja nálgun á sölu á orku með áherslu á millistóra og stóra notendur en ekki stóriðju og ætlar þannig að koma með borginni í að þróa hana markvisst í átt til grænnar borgar.

Í þriðja lagi er gríðarstórt verkefni sem hefur verið í miklum undirbúningi í samvinnu stjórnvalda, Orkuveitunnar og Nýorku og Vistorku sem lýtur að orkuskiptum í samgöngum og þar er stefnt að því að Reykjavíkurborg muni beita sér fyrir því í samstarfi við Sorpu, Metan, OR og iðnaðarráðuneytið að Reykjavík verði leiðandi á þessu sviði. Græn innkaup er verkefni sem lætur lítið yfir sér en getur skipt verulegu máli til þess að innleiða umhverfissýn í ýmsa vöru og þjónustu. Þarna er grænu skrefunum haldið til haga en einnig norrænu samstarfi, grænum matvælum og ferskri matvöru.

Lífsgæðaborgin er svolítið sérstakur kafli og það blasir ekki beint við að í atvinnustefnu Reykjavíkur sé sérstakur lífsgæðakafli. Ástæðan er hinsvegar sú að það er mjög nauðsynlegt fyrir þau fyrirtæki sem eiga mikla vaxtarmöguleika og geta vaxið hratt, eins og til dæmis í hugbúnaðargeiranum, að Reykjavík sé borg sem er aðlaðandi fyrir fólk til þess að flytja til, jafnvel þó að það sé ekki upprunnið í Reykjavík eða á Íslandi og það skiptir líka máli til þess að Íslendingar sjálfir og Reykvíkingar velji sér búsetu hér. Við verðum einfaldlega að tryggja að Reykjavík sé eftirsóknarverður staður til að búa og starfa á og þess vegna megum við ekki gleyma þessum lífsgæðapætti í heildarmyndinni. Og þarna er aðalskipulagið og framkvæmdaáætlun eitt aðaltækið sem við höfum og því er lýst hvaða stefnumörkun er teflt fram þar en líka fjallað um það sem lýtur að því að koma hér upp heilbrigðum húsnæðismarkaði sem stendur vexti ýmissa borga erlendis fyrir þrifum og það er hættan að það geti gerst líka hér. Og þarna tengist atvinnustefnan sem sagt við framkvæmd húsnæðisstefnunnar sem þegar liggur fyrir.

Bstj. 30. nóvember 2011

Hafnarborgin er kannski sá kafli sem er hvað sundurliðaðastur hvað aðgerðir varðar og endurspeglar auðvitað mjög markvissan grunn og áætlunargerð sem þegar liggur fyrir af hálfu Faxaflóahafna og birtist í þeirra fimm ára áætlun. Ég vil þó vekja sérstaka athygli á tvennu sem eru í raun nýmæli, eða þrennu, og lýtur að höfuðborgarsvæðinu í heild og það er sýn á það að á Grundatanga leggi hafninar, Orkuveitan og sveitarstjórnirnar saman í púkk um sýn á það hvernig það atvinnusvæði verði best nýtt fyrir græna starfsemi sem nýti þá höfn. Við erum hér að segja að við stefnum gjarnan að sameiningu við nágrannahafnir ef það er í boði þar sem það reynist hagkvæmt, frá Hafnarfirði að Borgarnesi, og leitum eftir samstarfi á öðrum sviðum.

Í Ártúnshöfðanum er talað um að stofna þróunarfélag Reykjavíkurborgar og Faxaflóahafna utan um eignir sem við eigum þar til þess að þróa svæðið kannski hraðar en annars yrði og það er gert ráð fyrir því að þegar deiliskipulag Mýrargötu og Slippareits liggja fyrir verði í tveimur áföngum gert samkomulag milli borgarinnar og hafnanna um sölu byggingarréttar á svæðinu. Þannig að Reykjavíkurborg annist þróun svæðisins en höfnin ekki. Þessi verkefni sem ég nefni hér eru svo nátengd þriðja kaflanum í atvinnustefnunni sem lýtur að skilgreiningu, sérhæfingu og skipulagi atvinnusvæða. Þar eru settar fram fimm lykilaðgerðir sem snúa að skipulagsmálum og samþættingu skipulagsmála við hugsun auðvitað um samgöngumál, sem er samþætt skipulaginu, en líka tengsl þess við þróun, uppbyggingu og markaðssetningu svæðanna. Fyrir svo utan hverfisskipulagið. Þar er dregin fram grundvallarsýnin í aðalskipulaginu og sérstaklega um atvinnusvæðin og tilgreind þau svæði sem eru áhugaverðust til uppbyggingar fyrir atvinnulíf og þess gætt að sú lýsing og þær skilgreiningar á einstökum svæðum passi við stefnuna um skapandi, græna þekkingarborg.

Þannig er miðborgin hjartað í hinni skapandi menningarborg, augljóslega, og líka hjartað eða síldarplanið fyrir ferðamannaborgina. Miðborg Reykjavíkur er sá staður landsins sem mun afla langmestra gjaldeyrstekna af nokkrum öðrum stöðum á næstu tíu árum og við þurfum að umgangast og fjárfesta í miðborginni í samræmi við það og tryggja að það sé sjálfbært og leiði til góðs, en hér er líka teflt fram línuborginni, það er að segja vaxtarás frá miðborginni upp í Höfða og Keldnalandið, sem getur orðið mjög spennandi þróunarárs fyrir ýmsa blandaða

Bstj. 30. nóvember 2011

starfsemi og þjónustu með Hlemm sem mjög áhugaverðan stað fyrir hótél, veitingastaði en líka skrifstofur og annað slíkt, en þar er mikil eftirspurn eftir uppbyggingu í ferðaþjónustu og hótélum og gistirýmum sérstaklega.

Hér er dregið fram hafnarsvæðið og svo auðvitað Þekkingarsvæðið með stóru Þ sem er Vatnsmýrarsvæðið, sem er vaxtarpóllinn á sviði rannsókna, hátækni og nýsköpunar, með háskólana tvo og Landspítalann sem meginkjölfestur. Önnur atvinnusvæði mega ekki gleymast þó þau séu í útjaðrinum, það er að segja hvaða sýn á að setja fram varðandi Hólmsheiði, Grundartanga og Hellisheiði þar sem 150 hektara land hefur verið skipulagt fyrir afurðirnar sem verða til í Hellisheiðarvirkjun. Þetta þurfum við allt að hafa undir, jafnvel þó við séum að móta atvinnustefnu fyrir Reykjavík vegna þess að höfuðborgarsvæðið er eitt atvinnusvæði. Þannig að þetta er gríðarlega mikilvægur kafli og kannski ekki minnstu tíðindin í þessari stefnumörkun allri saman að ná á einum stað að tengja saman stefnumörkun í skipulagi og atvinnumálum.

Fjórði kaflinn er síðan aðgerðir í málefnum atvinnulausra, bráðaaðgerðir, virkni- og vinnumarkaðsaðgerðir sem hafa verið til umfjöllunar og þróunar á velferðarsviði og mannauðsskrifstofu einkum. Þar eru verkefni um atvinnutorg, starfsþjálfun og starfsnám, námskeið fyrir unga atvinnuleitendur, virknibrú, starfskraft og sumarstörf, auk almennra vinnumarkaðsaðgerða því hér er verið að beina sjónum ekki síst að ungu fólki annarsvegar og langtímaatvinnulausum hinsvegar og þarna hefur verið unnið mjög vel, eins og allir þekkja, inni á velferðarsviði en líka á mannauðsskrifstofu í miklu og nánu samráði og samvinnu við Vinnumálastofnun.

Fimmti kaflinn er svo að segja má algjört nýmæli. Það er að segja fjárfestingastefna Reykjavíkurborgar þar sem fyrst voru settar fram fimm aðgerðir til þess að örva fjárfestingu og það er gert ráð fyrir náinni samvinnu við Íslandsstofu sem hefur byggt upp sérþekkingu í samskiptum við erlenda fjárfesta, en þar er líka undirstrikað að við verðum að hafa einhverja heila hugsun um það hvernig við höldum á þróunarsvæðunum í borginni. Hvernig við vinnum að því að þau séu ekki bara vel skipulögð heldur komi líka til uppbyggingar í samræmi við skipulagið. Við eigum, eftir síðustu áratugi, ótrúlega mikið af mjög fallegum, vel meintum skipulagsáætlunum sem aldrei hafa komist til framkvæmda og við

Bstj. 30. nóvember 2011

þurfum núna bæði fjárfestingu og framkvæmdir. Þurfum þess vegna að huga alveg sérstaklega að þessu. Síðan eru sett upp níu stefnumið varðandi fjárfestingar Reykjavíkurborgar sjálfrar, það er að segja þessar fjárfestingar í lífsgæðum sem markmið eru sett um í lífsgæðakaflanum.

Að öðru leyti vona ég að stefnan tali fyrir sig sjálf. Allir sem hér eru og miklu fleiri eiga á næstu vikum eftir að fá tækifæri til þess að koma að umræðu um hana inni í fagráðum og eftir að við höfum fengið frekari viðbrögð frá hagsmunaaðilum. Við áttum gott samstarf í upphafi þessarar vinnu, það slitnaði upp úr því, ég vona að það liti ekki umfjöllun um þetta stóra og mikilvæga mál, ég held við séum öll að takast á við sömu áskorun sem kannski kristallast í þeirri styrkleika- og veikleikagreiningu sem var unnin í tengslum við fimm ára áætlunina fyrir ári síðan og í aðalskipulagsvinnunni um forsendur vaxtar og er teflt fram á bls. 42 og 43 í greinargerðinni. Það er að segja það samkeppnisforskot sem við höfum gagnvart erlendum borgum. Veikleika okkar í þeirri samkeppni sem þar eru líka dregnir fram og þarf ekki síður að hugsa fyrir og síðan stöðu okkar gagnvart þróun atvinnulífs og öðrum innlendum bæjum eins og það er orðað á þessari glæru sem hér er birt.

Ég bendi líka á skilgreiningar á hlutverki Reykjavíkur í atvinnumálum og mikilvægi atvinnustefnu á bls. 44 og stuttum tölfræðiupplýsingum upp úr greiningarskýrslunni um höfuðborgarsvæðið sem tekin var saman fyrir stefnumótunarfundinn okkar fyrir ári síðan. En ég hlakka til að ræða stefnuna hér í dag en ekki síður eftir að viðbrögð eru komin á hana úr nefndum og ráðum.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið máli sínu um atvinnustefnu og þá tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

2. mál Atvinnustefna Reykjavíkurborgar

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Borgarfulltrúar meirihlutans hafa alveg frá upphafi kjörtímabilsins talað fyrir mikilvægi þess að móta atvinnustefnu. Á meðan aðgerðahópur borgarráðs var og hét kom þetta mál nokkrum sinnum til umræðu og var metnaður borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar sérstaklega greinilegur þar. Á vettvangi aðgerðahópsins ræddum við þessa stefnumótun á einum fundi. Hvernig stefnuna ætti að vinna, hvaða áherslur ætti að leggja og með hvaða hætti ætti að setja þær fram. Ég man eftir þá að hafa lagt ríka áherslu á að stefnan yrði unnin í þétu samráði við hagsmunaaðila og ekki aðeins hina hefðbundnu heldur yrði þess einnig gætt að fá fjölbreytt sjónarmið og skapandi áherslur. Á næsta fundi á eftir, og við erum enn að tala um aðgerðahópinn sem var og hét, mættu svo tveir menn með fulltrúum meirihlutans. Menn sem höfðu fengið það hlutverk að vinna stefnuna með hópnum og þeir höfðu þá þegar hafið samtalið við hagsmunaaðilana. Lagður var fram einhver sá hefðbundnasti listi yfir hagsmunaaðila sem ég hef nokkru sinni augum litið og einstaklingarnir sem talað var við voru í yfirgnæfandi meirihluta karlar.

Þegar þarna var komið við sögu var farið að hrikta mjög í stoðum samráðsstjórn mála í Reykjavík og stuttu síðar var ákveðið að leggja aðgerðahópinn af. Aðkoma okkar í minnihlutanum að gerð þessarar atvinnustefnu varð því ekki meiri en af plagginu að dæma hefur vinnubrögðunum vart verið mikið breytt. Ég veit reyndar ekkert um það, frekar en annað, það er kannski best að ég fari yfir það sem ég veit, það tekur styttri tíma en að rekja það sem ég ekki veit um undirbúning og gerð þessarar stefnu. Ég er búin að rekja upphafið og stöðuna í aðgerðahópnum þegar hann var lagður niður. Vinnan var þá í höndum borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra og aðstoðarmanns hans, ásamt tveimur körlum sem höfðu verið ráðnir til verksins. Því til viðbótar hef ég fengið upplýsingar um að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hafi verið gerður að formanni atvinnumálahóps og að ráðgjafafyrirtækið Expectus hafi verið fengið til samstarfs. Svo er líka fullyrt að mikið samráð hafi verið haft við hagsmunaaðila.

Ég ætla í þessu samhengi að leiðrétta fullyrðingu Dags B. Eggertssonar borgarfulltrúa um að það hafi verið aðgerðahópurinn sem fékk umrætt fyrirtæki, Expectus, til stafa. Borgarfulltrúinn hlýtur að muna það jafnvel og við hin sem

Bstj. 30. nóvember 2011

sátum í aðgerðahópnum á þeim tíma að við gerðum alvarlegar athugasemdir við að fyrirtækið hefði verið ráðið til starfa án þess að rætt hefði verið við okkur og ég man eftir því að hafa meðal annars skoðað og talað um að hjá þessu fyrirtæki störfuðu jú átta karlar og engin kona. Þannig að þeir þrír karlar sem höfðu rottað sig saman og ákveðið að ráða þarna þetta fyrirtæki til starfa, fengið einn karl til liðs við sig úr Ráðhúsinu og bætt svo við fyrirtækinu með átta körlum innbyrðis til þess að vinna atvinnustefnuna, það var eitthvað sem var ekki okkur að skapi. Við tókum um þetta miklar umræður og það er ekki hægt að segja að aðgerðahópurinn hafi ákveðið neitt í þeim efnum. Það voru semsagt þrír karlar sem fengu tvo karla til liðs við sig, ásamt fyrirtæki þar sem átta karlar vinna, til þess að útbúa atvinnuáætlun borgarinnar. Til hamingju.

En forseti, ég veit að margir halda það að ég hati karla eða treysti ekki körlum eða vilji ekki að karlar komi nálægt neinu yfir höfuð. Það er ekki rétt. Karlar eru ekkert verri en konur og þeir karlar sem ég þekki og komu að mótun stefnunnar meira að segja eru ljómandi ágætir að mörgu leyti. En hversu ágætir sem þeir kunna að vera, jafnvel þótt þetta væru algjörlega frábærir menn sem leiftruðu af hugsjón og sköpunargleði, þá er þessi hópur einsleitur, það getur enginn neitað því. Það getur ekki heldur neinn neitað því að ákvarðanir sem teknar eru af breiðum hópi fólks eru allajafna farsælli heldur en ákvarðanir sem teknar eru af einsleitum hópum. Þannig er líklegra að niðurstaðan taki mið af þörfum og væntingum breiðari hóps og að um hana ríki meiri sátt.

En eftir því sem ég best veit, og ég tek það fram að ég hef ennþá ekki fengið nein svör um það hverjir unnu hvað eða hvernig, að þá var þessi stefna unnin af þessum einsleita hópi og líklega hefur val á hagsmunaaðilum til samráðs tekið dálítið mið af því. Ég lagði fram fyrirspurn um þessi mál í borgarráði á mánudag og ég hef ennþá ekki fengið nein gögn, sem benda til þess að ég sé að fara að fá svar við þessu máli og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson svaraði ekki þessum spurningum mínum í ræðu sinni hér áðan.

Nú, kíkjum þá á áætlunina. Af hverju var ég að fara yfir þetta? Af hverju í ósköpunum er ég að tala svona mikið um karla og konur og þrönga og breiða hópa? Hvernig skyldi nú standa á því? Jú, það er vegna þess að plaggið, þessi atvinnustefna eins og hún lítur út núna, hún tekur ekki beint mið af ólíkum

Bstj. 30. nóvember 2011

aðstæðum fólks í samfélaginu. Ég ætla að fara aðeins yfir það sem mér finnst helst tíðindum sæta, stefnan í heild sinni er afar einkaframtaksmiðuð, hún er sérfræðingamiðuð og í henni er hvorki að finna vísbendingu um að borgin sé einn stærsti atvinnurekandi landsins, né heldur nein merki um að borgin gegni einhverju því hlutverki gagnvart fólkinu sem þó hlýtur að eiga að vera á vinnumarkaðinum og stuðla að auknu og blómstrandi atvinnulífi í Reykjavík. Ég ætla að reka mig aðeins í gegnum aðgerðaáætlunina, svona eins langt og ég kemst, og þau ólíku hlutverk sem borginni er ætlað að gegna. Svo ætla ég kannski aðeins að nefna þau hlutverk sem hvergi eru nefnd en leggja þó grunn að því að hér þrífist atvinna yfir höfuð.

Ég tek það fram að margt af því sem þarna kemur fram er sjálfsagt og það þarf ekkert að setja það á blað endilega, ágætt að hafa það svosem. Annað sem er bara fínt að hafa í stefnu og getur örugglega komið einhverju góðu til leiðar og ýmislegt sem á svo að stuðla að með einhverjum hætti en er kannski ekki endilega hlutverk borgarinnar. Þarna inni eru svo hlutir sem eru með öllu óásættanlegir. Það er pólitískt viðfangsefni sem ég ætla svosem ekkert að fara í neinar umræður um hér, ég held að við ættum að taka hana kannski á öðrum vettvangi síðar.

Ég ætla að fara aðeins yfir það sem mér finnst helst tíðindum sæta, eins og ég sagði áðan, og byrja á athafna- og nýsköpunarborginni. Þar er fyrst og eitt stærsta einstaka málið að útvista þá þætti starfseminnar sem talið er hagkvæmt og stuðlar að þróun og atvinnusköpun á almennum markaði. Ég spyr hvort þeir sem þessa stefnu skrifuðu hafi ekki verið kjörnir fulltrúar almennings. Er hagkvæmni það eina sem skiptir máli þegar við metum það hvort útvista eigi hlutum? Á ekkert að hugsa um verð og gæði þjónustunnar? Á ekkert að hugsa um það hvernig þjónustan gæti mögulega breyst? Á ekkert að hugsa um starfsfólk borgarinnar, kjör þeirra eða starfsaðstæður? Það kemur allavega ekki fram í þessu plaggi. Fyrir utan að ég á bággt með að trúa því að meirihluta Besta flokks og Samfylkingar sé svo umhugað um hinn almenna vinnumarkað að hann sé reiðubúinn til þess að fela honum vinnu eða þjónustu sem borgarbúar hafa fram til þessa valið að eiga og vinna í sameiningu.

Höfuðborgin, gott og vel. Skilgreinum hlutverk okkar og samstarf og samráð við sveitarfélög og ríki og allt hitt. Það er fínt. Innviðakaflinn aftur á móti er afar

Bstj. 30. nóvember 2011

einkennilegur. Það sem á að styrkja er að það á að vera aðhaldssöm fjármálastjórn, það eiga að vera hófsamir skattar og það á að vera skilvirk almannabjónusta. Hagkvæmir innviðir fyrir atvinnulífið og sjálfbær borgarþróun, fjölbreytt og vaxandi atvinnustarfsemi, sérhæfð atvinnusvæði, skilvirkt samgöngukerfi, örugg og græn orka og ný miðstöð fyrir Strætó. Er þetta allt? Hver sá um þarfagreiningu fyrir þennan kafla. Rétt upp hönd. Er þetta allt sem þarf til þess að atvinnulíf geti blómstrað í Reykjavík? Hverjir eiga að vinna á þessum vinnumarkaði eiginlega? Hver á að sjá um börnin, hver á að sjá um gamalmennin, hver á að sjá um veika fólkið, hver á að sjá um fatlað fólk?

Það er nefnilega þannig að lykilsenda fyrir blómstrandi atvinnulífi í þessu landi og í þessari borg og alveg sama hvar er, hlýtur að vera velferðarkerfi sem tryggir jöfn tækifæri fólks til þess að starfa á atvinnumarkaði meðal annars. Það þarf að vera velferðarfólkið sem tryggir það að öllum líði vel á meðan aðrir eru á vinnumarkaðnum, eða jafnvel þeir sem vinna við að tryggja velferðina. Það þarf að vera menntakerfi hérna sem tryggir þroska og menntun barna, unglunga og ungmenna. Það þarf að vera menntakerfi sem tryggir tækifæri fólks á vinnumarkaðnum síðar meir. Eða hvað? Það eru kannski ekki innviðir? Þegar ég las í gegnum áætlunina hugsaði ég með mér að þessi atriði hlytu bara að koma betur fram seinna, kannski í þekkingarborginni eða menningarborginni eða lífsgæðaborginni eða eitthvað. En það reyndist því miður ekki vera.

Við grænu borgina geri ég ekki athugasemdir að svo stöddu, hún hljómar tiltölulega ábyrg við fyrstu sýn. Menningar- og ferðamálaborgina ætla ég svo að taka saman og það er ég bara tiltölulega ánægð. Þar er margt vel gert enda kveður þar við annan tón heldur en í öðrum köflum stefnunnar vegna þess að hlutverk borgarinnar er tekið alvarlega. Frumkvæði borgarinnar er til staðar, bæði sem bókmenntaborg, með borgarhátíðasjóði, í gegnum listasafnið, í menningarstarfi ungs fólks og svona gæti ég lengi talið. Það er ekki þannig að menning sé eina viðfangsefni borgarinnar – og ég get líka talað um ferðamálin. Þar er líka höfðað til frumkvæðis borgarinnar, þar á borgin að axla ábyrgð. Þar á að vera nýsköpun og það á að stuðla að auknum ferðamannastraumi allt árið og svo framvegis, en borgin, eða hvað á maður að segja? Viðfangsefni borgarinnar eru meira heldur en menning og ferðabjónusta. Það er frábært að þetta sé tekið alvarlega í þessari

Bstj. 30. nóvember 2011

stefnu en það hefði þurft að taka hlutverk allra hinna sviðanna mun alvarlegar ef vel ætti að vera að verki staðið.

Þekkingarborgin, og þess vegna finnst mér mjög einkennilegt, já, svo ég tengi þetta nú aðeins saman, að það er mjög einkennilegt að meirihlutinn skuli kjósa að axla ábyrgð og sýna frumkvæði á þessu sviði en leikskólar og grunnskólar og frístundaheimili og félagsmiðstöðvar og velferðarþjónusta er bara eiginlega ekki nefnd. Og þess vegna finnst mér þekkingarborgin vera undarlegasti kafli stefnunnar. Þar á að byggja vísindapörp og efla símenntun fyrir atvinnulífið, það á að vera klasamyndun á lykilsviðum, það á að vera aðlaðandi skattkerfi, það á að vera bætt þjónusta við erlenda sérfræðinga og erlenda stúdenta, það eiga að vera erlendir skólar og bygging leiguhúsnæðis fyrir erlenda stúdenta og sérfræðinga. Það á reyndar að efla list-, verk- og tæknimenntun í grunnskólum en það verður ekki gert nema í samráði við atvinnulífið einhverra hluta vegna.

Aftur er það eins og hvorki séu til leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar eða félagsþjónusta, sem þó snúast að sjálfsögðu, og við vitum það öll, að miklu og mestu leyti um þekkingu, þekkingarmiðlun og þekkingarsköpun. Það mætti halda að meirihlutinn ætlaði sér að byggja hér upp atvinnulíf með sjálfmenntuðum sérfræðingum, helst bæði munaðarlausum og barnlausum og helst af öllu frá útlöndum. Nema náttúrliga að meirihlutinn ætli sér, og þá kem ég aftur að fyrsta punktinum, að einkavæða bara allt draslið, skapa þannig gríðarleg atvinnutækifæri og gefa einkaaðilum færi á að nýta krafta fjármagnsins, eða hvernig það var nú, sem þið orðuðuð það. Í alvörunni, það jaðrar við hneyksli að skrifa heila atvinnuáætlun fyrir heila borg án þess að gera ráð fyrir að í henni sé velferðar- eða menntakerfi. Það er þannig.

Í lífsgæðaborginni er reyndar minnst á þessi mál og það er dálítið magnað. Þar er leiðarljósið svohljóðandi, með leyfi forseta, eða hluti úr því: „Reykjavíkurborg styrkir stöðu sína sem eftirsóknarverður staður til að búa og starfa. Reykjavíkurborg leggur áherslu á heilbriggt og kraftmikið borgarlíf, félagslegt öryggi og góða skóla, fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf, margskonar útivistarmöguleika í borgarlandinu og óskert aðgengi að náttúru.“ Gott og vel. Frábært. En hvað á svo að gera til þess að stuðla að lífsgæðaborginni? Jú, það á að vera gæðastefna um manngert umhverfi. Falleg miðborg, gatan sem borgarrými,

Bstj. 30. nóvember 2011

borgarvernd, lífleg hverfi og vistvæn byggð. Þetta er allt frábært. En hvernig á að tryggja þetta með, þið vitið, félagslega öryggið, góðu skólana, fjölbreytta íþrótta- og tómstundalífið? Hvernig ætlið þið að fara að því? Á þetta að gerast að sjálfu sér eða – og þá spyr ég aftur – eiga kannski bara einkaaðilarnir að sjá um þetta? Það er allavega ekki eins og borgarfulltrúar meirihlutans beri hérna einhverja ábyrgð í þessum efnum.

En forseti, ég ætla ekki að fara frekar yfir efni atvinnustefnunnar. Ég ætla að sleppa því sem á eftir kemur sem er eiginlega að öllu leyti í anda þess sem áður hefur verið rætt. Það er talað um hafnarborg og fjárfestingar og atvinnusvæði og Orkuveituna og allt sem þessum ágætu mönnum hefur dottið í hug að taka inn. Ég myndi segja að hér hafa verið lögð fram drög að ákveðnum hluta atvinnustefna. Ég myndi segja að enn ætti eftir að bætast við barnaborgin eða fjölskylduborgin og fjölbreytileikaborgin. Auk þess á eftir að skrifa kaflann um Reykjavíkurborg sem atvinnurekanda. Það gleymdist. Ég geri ráð fyrir að fulltrúar meirihlutans, formaður skóla- og frístundaráðs, formaður velferðaráðs og formaður íþrótta- og tómstundaráðs muni taka þátt í umræðunum hér í dag. Ég get ekki ímyndað mér annað en að þær muni telja að þeirra málaflokkum sé kannski ekki alveg gert nægilega hátt undir höfði, ég veit það ekki. Það er þannig að ég er hætt að trúa á breytt eða bætt vinnubrögð af hálfu meirihlutans en mikið óskaplega held ég að þessi stefna hefði gott af gagngerri endurskoðun með tilliti til kynja- og fjölbreytileikasjónarmiða sérstaklega.

Best væri auðvitað að skipa starfshóp til þess að vinna málið frá grunni með lýðræðislegum hætti þar sem fulltrúar allra flokka, og þar með allra borgarbúa, hefðu aðkomu. Þess vegna ætla ég núna að flytja tillögu, málsmeðferðartillögu okkar úr minnihlutanum, fulltrúa Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks, sem er svohljóðandi með leyfi forseta:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að setja á laggirnar starfshóp sem skipaður verði fulltrúum allra flokka og hafi það verkefni að móta atvinnustefnu Reykjavíkurborgar. Þeim drögum sem hér liggja fyrir verði vísað til hópsins til frekari vinnu. Starfshópurinn skili niðurstöðum sínum fyrir 15. maí 2012.

Þannig gætum við búið til stefnu sem hefði sambærilega stöðu og Reykjavík í mótun eða mannréttindastefnan eða önnur sú stefnumörkun sem er í gildi af hálfu

Bstj. 30. nóvember 2011

borgarinnar. Það sem hér er til umræðu í dag er stefna meirihlutans og kannski ekki einu sinni það. Kannski bara strákanna. Eða kannski bara stefna borgarstjóra, aðstoðarmannsins hans og borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar. Ég veit það ekki. Stefna þriggja eða jafnvel stefna níu er ekki stefna borgarinnar. Atvinnustefnan sem hér er til umræðu er atvinnustefna í besta falli meirihluta Besta flokks og Samfylkingar, atvinnustefna fyrir afmarkaðan hóp og afmarkaða starfsemi og kemur hagsmunum heildarinnar nákvæmlega ekki neitt við.

Ég vona að meirihluti Besta flokks og Samfylkingar sjái að sér og samþykki málsmeðferðartillögu okkar í minnihlutanum. Þannig væri hægt að vinna að málinu með eðlilegum og lýðræðislegum hætti.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu og lagt fram málsmeðferðartillögu sem forseti þarf að fá skriflega ef taka á á dagskrá. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur óskað eftir að veita andsvar.

2. mál Atvinnustefna Reykjavíkurborgar

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil þakka borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur fyrir á löngum köflum mjög málefnalega ræðu og ágætar ábendingar varðandi einstaka punkta. Það hefði auðvitað, eins og hún réttilega nefnir, verið hægt að hafa mjög mikið inni í þessari stefnu. Eiginlega hafa þetta bara stefnuna um allt. En það var tekin sú ákvörðun að láta stutt leiðarljós og lykilmarkið nægja og síðan aðgerðaáætlun á þeim sviðum þar sem bæta þyrfti úr. Þess vegna eru ekki mjög langir kaflar um grunnskólana í Reykjavík eða velferðarsviðið. Það er hinsvegar mjög skýrt leiðarljós sem borgarfulltrúinn las raunar upp sjálf og svaraði sér á glimrandi hátt og lenti þar með í mótsögn við fyrri gagnrýni að það er einmitt mjög skýrt í stefnunni að þar er sérstaklega hugað að því að borgin þarf að vera góður og eftirsóknarverður staður til að búa á og starfa.

Þess vegna hafna ég því bara alfarið að því hafi verið gleymt en ef það eru einhver verkefni sem Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi eða einhverjir aðrir borgarfulltrúar sakna til þess að gera það að veruleika, eitthvað sem er lykिलatriði til þess að bæta úr því sem bæta þarf, þá eru það bara mjög velkomnar ábendingar og athugasemdir og tillögur og það á líka við um aðra kafla. Því mér finnst þetta leiðarljós og þessi áhersla eiga mikið betur heima í lífsgæðaborginni heldur en í innviðaborginni. Ég lít ekki þannig á að velferðarþjónusta, félagslegt öryggi og skólar séu bara innviðir, heldur hluti af því að búa til góða borg þar sem eftirsóknarvert er að búa og heilbrigður húsnæðismarkaður er það líka. Húsnæðismarkaður fyrir alla.

Þannig að það er ekki sanngjarn að tala um það að hér sé bara lögð áhersla á erlenda sérfræðinga, þó á það sé minnst, en það er svolítið sérstakur partur af húsnæðismarkaðnum. Það er að segja að þeir sem koma hingað í stuttan tíma, ætla ekki að dvelja mjög lengi, en eru mikilvæg viðbót, bæði við háskólalífið og atvinnulífið og þetta er bara ein af þeim ábendingum sem við fáum úr atvinnulífinu og háskólalífinu og eigum að taka alvarlega og ekki alltaf ganga út frá því að við vitum allt best. Þannig hefur þetta verið unnið. Varðandi tillöguna, þá detta mér eiginlega allar dauðar lýs af höfði vegna þess að borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir var í þeim starfshópi sem hún leggur núna til að verði settur á fót. Og

Bstj. 30. nóvember 2011

kaus að segja sig frá starfi hans með þóttá ásamt borgarfulltrúa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur sl. vor og hefur ekki haft áhyggjur af því að það sé verið að vinna að atvinnustefnu síðan. En ábendingar þeirra inni í þeim hópi voru allar teknar alvarlega, það var haft mjög víðtækt samráð og ég hygg að það hafi verið rætt við alla þá samráðsaðila sem þær nefndu til sögunnar í sínu máli [forseti slær í bjöllu] í þessum hópi og miklu fleiri til. Þess vegna legg ég til að sú tillaga verði felld.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson veitt andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

2. mál Atvinnustefna Reykjavíkurborgar

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Mig langar að spyrja borgarfulltrúann, hann talaði um að það hefði verið ákveðið að gera þetta svona en ekki hafa þetta einhvern veginn öðruvísi. Hvar var það ákveðið? Ég vil fá upplýsingar um það. Hver ákvað það og hvar var það ákveðið? Hitt er svo að það hefði verið hægt að hafa hérna langa kafla og láta þessa stefnu fjalla um allt, já, já, það er alveg rétt, en það er ekki hægt að móta stefnu án þess að forsendur stefnunnar séu tíundaðar. Og forsendur stefnunnar eru öruggt og gott menntakerfi og öruggt og gott velferðarkerfi. Það er líka atvinna. Hjá Reykjavíkurborg starfa 8.000 manns og flest þeirra í velferðar- og menntakerfinu. Það er atvinna, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

Og það að halda því fram að ég og borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir höfum sagt okkur frá vinnu við atvinnustefnu borgarinnar er í besta falli misminni, ég ætla ekki að fullyrða hér og fara í umræður um eitthvað annað en það sem við erum að ræða. Það er rangt. Við ákváðum öll í sameiningu, við fjögur sem sátum í þessum aðgerðahópi, eða fimm, að leggja hann niður. Það er ekki þar með sagt að einhverjum einstökum aðilum úr þessum hópi hafi verið falið að vinna áfram að atvinnustefnu. Ég gerði það allavega ekki og ég vil að mér sé bent á þá samþykkt ef hún er einhversstaðar til staðar. Ég hef aldrei kvittað upp á það. Ég hef þvert á móti gagnrýnt meirihlutann ítrekað fyrir að stofna starfshópa án vitundar eða vilja minnihlutans og án þess að minnihlutinn hafi aðkomu þar að. Vinnubrögðin sem þessi meirihluti er að beita hér, í þessu máli eins og svo mörgum öðrum, eru einhver þau ólýðræðislegustu vinnubrögð sem ég hef orðið vitni að og borgarfulltrúinn á alla sök á því. Alla.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir svarað andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

2. mál Atvinnustefna Reykjavíkurborgar

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Inni í aðgerðahópi voru nokkur verkefni; undirbúningur fjárhagsáætlunar, undirbúningur fimm ára áætlunar, mótun atvinnustefnu og aðgerðaáætlunar með henni, svo dæmi sé tekið. Þegar samkomulag varð um það að hætta því starfi, þá var það skilningur allra að þau verkefni yrðu unnin á ábyrgð meirihlutans. Að sjálfsögðu. Það var undirstrikað af öllum. Eitthvað hefði nú verið sagt ef það hefði ekki birst hér fjárhagsáætlun, fimm ára áætlun eða atvinnustefna ári eftir að það var samþykkt í borgarstjórn að þetta skyldi vinna. Ég hafna því bara alfarið að það hafi verið rangt af meirihlutunum að setja þau verkefni í markvissan farveg. Það var þvert á móti skylda meirihlutans þó svo að minnihlutinn hafi sagt sig frá sínum þætti í undirbúningi.

Það var auðvitað miður en við höfum gætt þess þeim mun meira að hafa samráð út fyrir vegg borgarstjórnar, út fyrir Ráðhúsið. Þætti ráðgjafarfyrtækisins Expectus lauk um svipað leyti og þætti borgarfulltrúanna Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Sóleyjar Tómasdóttur. Til liðs við verkefnið kom hins vegar Bjarni Daníelsson verkefnisstjóri núna í haust og það hefur þróast, fyrst og fremst fyrir tilstuðlan þeirrar vinnu sem þegar lá fyrir en ekki síst með þátttöku og samvinnu við yfirstjórn borgarinnar, allra þeirra sviðsstjóra sem þarna komu að málum og fjölmargra annarra.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi veitt andsvar öðru sinni. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

2. mál Atvinnustefna Reykjavíkurborgar

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ef þetta var samþykkt af öllum og þetta var sameiginlegur skilningur allra, þá vil ég að borgarfulltrúinn lesi þá samþykkt einhversstaðar. Ég vil fá samþykktina upplesna hér og ég vil bara fá hana senda. Ef borgarfulltrúinn hefur það ekki skriflegt frá mér eða atkvæði mitt einhversstaðar bókað í þar til gerðri fundargerð, þá ætla ég að biðja hann að hætta að fullyrða um minn skilning á því sem honum dettur í hug.

Það er alveg ljóst, það hefur verið kýrskýrt frá upphafi, að með mínu samþykki verða ekki stofnaðir hér starfshópar öðruvísi en að fulltrúar allra flokka eigi sæti þar í. Ég hef margoft sagt þetta, ég hef margoft gagnrýnt meirihlutann fyrir þetta og það að fá hér inn atvinnustefnu, meirihlutinn getur alveg lagt inn atvinnustefnu en að formaður einhvers atvinnumálahóps skrifi undir atvinnustefnu og tali um samráð og lýðræðisleg vinnubrögð og að mikið samráð hafi verið iðkað út fyrir vegg Ráðhússins og ég veit ekki hvað og hvað, borgarfulltrúinn verður að gera sér grein fyrir því að hann er kjörinn fulltrúi og ég ætla bara að segja það hér og gleðja þar með borgarfulltrúa Besta flokksins, í fjölskipuðu stjórnvaldi. Borgarfulltrúar kusu sér, og Heiðu Kristínu finnst þetta mjög fyndið, borgarbúar kusu sér ólíka einstaklinga og ólíkar áherslur inn í þessa borgarstjórn hér og borgarbúar eiga það skilið að þessar áherslur komi að borðum þar sem ákvarðanir eru teknar. En aftur bið ég borgarfulltrúann um að lesa þá upp samþykktina sem ég virðist hafa kvittað undir um það að fela honum að vinna atvinnustefnu Reykjavíkurborgar. Öðruvísi mér áður brá.

Forseti: Þá hefur Sóley Tómasdóttir svarað andsvari öðru sinni. Til fundarins hefur borist málsmeðferðartillaga sem þarf að greiða atkvæði um hvort við tökum hana inn á fundinn þar sem hún berst hér. [Forseti hringir bjöllu]. Málsmeðferðartillagan er svohljóðandi:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að setja á laggirnar starfshóp sem skipaður verði fulltrúum allra flokka og hafi það verkefni að móta atvinnustefnu Reykjavíkurborgar. Þeim drögum sem hér liggja fyrir verði vísað til hópsins til frekari vinnu. Starfshópurinn skili niðurstöðum sínum fyrir 15. maí 2012.

Þetta er málsmeðferðartillaga frá fulltrúum minnihlutans. Þeir sem samþykkja að taka þessa málsmeðferðartillögu á dagskrá gefið merki. Það er samþykkt með

Bstj. 30. nóvember 2011

öllum samhljóða atkvæðum þannig að hún er hér með til afgreiðslu síðar á fundinum en þá ... [Frammícall]. Það eru athugasemdir úr sal um að málsmeðferðartillögur eigi ekki að afgreiðast með þessum hætti og það verður þá bara skoðað í forsætisnefnd síðar. [Frammícall.] Þá eru umræður áfram um atvinnustefnu Reykjavíkurborgar. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.

2. mál Atvinnustefna Reykjavíkurborgar

Júlíus Vífill Ingvarsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Við erum þá komin að þessum lið hér á dagskrá borgarstjórnar sem aftur er að fjalla um áætlun, framtíðarsýn núverandi meirihluta, og satt að segja eiga þessar áætlanir tvær það sameiginlegt, það er að segja fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar og svo atvinnustefna Reykjavíkurborgar – skapandi borg, eins og þetta plagg heitir, það sameiginlegt að vera ófullburða. Þetta eru hvort tveggja áætlanir sem hefði þurft að vinna betur áður en þær eru komnar hingað í borgarstjórn til þess að um þær gæti farið fram góð umræða þar sem eitthvað hefði mátt leggja til hér á þessum fundi og senda síðan til nánari umfjöllunar annarsstaðar eins og reyndar stendur til varðandi þessa atvinnustefnu. Það ber einhvern veginn með sér allt yfirbragð þess hér, þetta plagg sem heitir atvinnustefna, að það vantar mikið upp á að það sé unnið dýpra og betur áður en það kemur hingað inn og kannski fyrst og fremst að það sé valið hismið frá kjarnanum.

Hér er lögð fyrir borgarstjórn þessi skýrsla sem mun vera einhversstaðar um 50-60 síður. Sumar eru reyndar auðar og nokkrar myndir og upptalningar en á sumum stöðum vantar algjörlega upplýsingar. Það vantar til dæmis algjörlega upplýsingar um tilurð þessa máls. Það vantar algjörlega upplýsingar um það hverjir það voru sem leitað var til eins og borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson þuldi upp hér áðan, að það hefði verið leitað til ótal umsagnaraðila. Hvaða umsagnaraðilar voru það? Við hverja var talað? Hvaða borgarfulltrúar komu að móttun þessarar stefnu? Hvaða formenn ráða og nefnda sem koma inn í þessa skýrslu komu að þessari stefnumóttun? Þetta liggur ekki fyrir þannig að ég óska eftir því að borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar hér í borgarstjórn, komi hér upp á eftir og fari yfir það hverjir það eru sem unnu að þessari skýrslu. Mér finnst hún einhvern veginn bera með sér allt svipbragð þess að borgarfulltrúinn sjálfur hafi aðallega gert þessa skýrslu. Hún ber með sér að atvinnulífið hefur komið lítið að þessari skýrslu. Uppsetning, orðaval, langlokur eru einhvern veginn eitthvað svo gegnsæjar að koma frá þessum ágæta borgarfulltrúa og það eru ekki svona skýrslur sem gagnast mörgum. Því miður. Þannig að ég tel að það sé mikilvægt, ekki bara að fá hagsmunaaðila úr atvinnulífinu, heldur bara hreinlega ákveðna leiðandi einstaklinga úr atvinnulífinu til þess að segja sína skoðun á þessu og koma með tillögur og koma með tillögur líka að framsetningu.

Bstj. 30. nóvember 2011

Kannski er stærsta atvinnuverkefnið sem myndi þá tilheyra atvinnustefnu Reykjavíkurborgar vera Harpa. Stærsta verkefni Reykjavíkurborgar í þessa veru var það náttúrulega að taka þá stóru ákvörðun hér á síðasta kjörtímabili, í samstöðu, þannig var nú unnið þá eins og ég sagði hérna áðan, að halda áfram með Hörpu. Það var svo af og frá að það væri sjálfgefið að þetta stóra verkefni sem auðvitað kostar mikið, að áfram yrði haldið með það. Borgarfulltrúar væntanlega þekkja að grundvöllur að því að halda áfram var auðvitað það að borgin tæki ekki á sig frekari skuldbindingar en þegar höfðu verið gefnar vegna byggingar þessa verkefnis en uppi voru raddir í samfélaginu á þeim tíma að það væri ekki ástæða til að halda áfram og það væri miklu gáfulegra hreinlega að rífa þetta hús niður, jafna það við jörðu og loka því. Ég var mjög ósammála öllum slíkum hugmyndum og hvatti eindregið til þess að haldið yrði áfram því það er ekki bara það að það hafi verið mikilvægt atvinnuverkefni hér í Reykjavíkurborg akkúrat á þeim tíma þar sem að allt var raunverulega á heljarþróm, heldur hefur það líka reynst það sem flestir spáðu; mikilvæg búbót, mikilvæg uppbót fyrir ferðaþjónustuna hér í borginni, menningarlífið og síðan mjög fljótlega ráðstefnuhald.

Og það er jafnframt líka atvinnustefna sem verið er að vinna að á borði skipulagsráðs og á borðum Faxaflóahafna þar sem verið er að undirbúa skipulag í kringum Hörpu þar sem verið er að reyna að koma því þannig fyrir að erlendir fjárfestar sjái hag sinn í því að byggja hótél í tengslum við þetta mikla hús og hefji starfsemi þar og auðgi þar með enn frekar við ferðaþjónustu og aðra þjónustu sem tengist til dæmis því ráðstefnuhaldi sem ekki er endilega farið á fullt af stað í þessu húsi en kemur til með að gera það í framtíðinni. Þannig getur borgin ýtt undir atvinnustarfsemi og verið skapandi um leið og það er auðvitað vel.

En það er á ýmsum öðrum sviðum sem Reykjavíkurborg gæti verið atvinnuskapandi og það er á ýmsum sviðum sem ég sakna þess að Reykjavíkurborg skuli ekki vera meira atvinnuskapandi og þar kemur nú að störfum oddvita Samfylkingarinnar hér í borgarstjórn sem er jafnframt formaður samgönguráðs innanríkisráðuneytisins. Ég sakna þess að það skuli ekki vera meiri framkvæmdir hér á höfuðborgarsvæðinu í vegamálum, að hér á þessu ári skuli einungis 6,6% af vegafé Vegagerðarinnar renna til vegagerðar, nýframkvæmda hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem 65% þjóðarinnar býr. Ég sakna þess að í fyrra

Bstj. 30. nóvember 2011

var þessi tala 9% og ég vil meina að borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson eigi að standa betur vörð um hagsmuni Reykjavíkurborgar og höfuðborgarsvæðisins þegar verið er að semja samgönguáætlun og beina slíkum verkefnum inn til höfuðborgarsvæðisins. Langar skýrslur eins og þær sem liggja hérna fyrir okkur með miklum fagurgala og orðskreytingum hafa bara mjög lítið að segja eða bara ekki neitt ef hugur fylgir ekki máli. Ef menn bera ekki skilning á því mikilvæga verkefni sem það er auðvitað að beina verkefnum hingað inn á höfuðborgarsvæðið. Til dæmis, hvar er Sundabraut? Af hverju er hvergi minnst á það nú í dag? Nú er bara talað um Vaðlaheiðargöng en það er aldrei minnst á Sundabraut og borgarfulltrúinn hefur auðvitað öll tækifæri sem hann hefur í hendi sér til þess að koma slíkum röksemdum að og vinna í þágu höfuðborgarsvæðisins betur en hann hefur gert fram til þessa að þessu leyti.

Mér finnst, í þessari skýrslu, margt prýðilegt. Mér finnst margt sem má nýta en það er líka ýmislegt sem á ekki erindi hingað inn. Ég ætla ekki að fara yfir það í smáatriðum en þó finnst mér ágætt, hér stendur til dæmis í kaflanum á bls. níu um þjónustu og rekstrarskilyrði: „Reykjavíkurborg vill eiga aðild að stefnumótun um samkeppnishæft skattkerfi og fyrsta flokks almannathjónustu í samstarfi við ríkisvaldið og önnur sveitarfélög.“ Mér finnst þetta hljóma mjög vel vegna þess að þetta er auðvitað það sem skiptir mjög miklu máli og þetta er auðvitað það sem fyrirtæki horfa fyrst og fremst til þegar þau eru að velja sér staðsetningu, hvort sem þau eru erlend eða innlend, það er auðvitað hvernig skattkerfið er og hversu vel má treysta því. Það er auðvitað vafamál núna eins og málum er háttað á borðum ríkisstjórnarinnar að erlendir fjárfestar treysti okkur hér uppi á Íslandi.

Og það hefur auðvitað mjög mikið að segja varðandi okkar atvinnustefnu og hefur eiginlega ekkert fyrir okkur að segja að vera yfirleitt að búa til atvinnustefnu ef ríkisvaldið gerir allt sem það getur til þess raunverulega að eyða öllum áhuga erlendra fjárfesta á því að koma hingað til lands og byggja upp sín fyrirtæki hér. Við þekkjum það að sumir Íslendingar fóru til Kanada eftir hrunið til þess einmitt að stofna sín fyrirtæki þar og halda áfram rekstri á því sviði sem þeir þekktu best, vegna þess að Kanadamenn voru að bjóða skattkerfi sem var fyrirtækjarekstri hagstætt.

Bstj. 30. nóvember 2011

Sömuleiðis er hér á bls. 12, þar sem verið er að fjalla um lykilverkefni og aðgerðir, þar stendur í 3. lið: „Reykjavíkurborg beitir sér fyrir samstarfi höfuðborgarinnar, ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífsins um hagfelld skattaumhverfi fyrirtækja og atvinnulífs.“ Mér finnst það gott í þessari skýrslu að verið sé að velja þessu fyrir sér og velja þessu upp. Vegna þess hversu skýrslan er þó löng og vegna þess hversu víða hún fer og er ómarkviss á þessu stigi, það getur svo sannarlega breyst eftir að búíð er að fara betur yfir hana og aðrir hafa komið að þessari vinnu, ég vona að hún haldi áfram og það komi eitthvað gott út úr þessu og ég fagna því að það sé kominn verkefnisstjóri, Bjarni Daníelsson, að þessu verkefni og ég veit að hann getur lagt því mikið til af sinni miklu reynslu á mörgum sviðum. En hinsvegar er það einfaldlega svo að það eru margar mótsagnir í þessari skýrslu. Kannski er það bara eðlilegt, auðvitað er Reykjavíkurborg, sem er svo margþætt að í henni geta falist mismunandi straumar og stefnur.

Þó tek ég eftir því til dæmis þar sem verið er að fjalla, og það er reyndar komið að því víða í þessari skýrslu, fjalla um aðalskipulagið og drög að aðalskipulagi. Það er vitnað í drög að aðalskipulagi fram til 2030. Það eru engin slík drög til. Aðalskipulag Reykjavíkur til 2030 hefur aldrei verið kynnt, hvorki í drögum né í fullri gerð. Það er bara verið að vinna að þessu og það er bara unnið að því á lokuðum fundum þar sem aðalskipulagshópurinn kemur saman hálfsmánaðarlega eða svo undir handleiðslu formanns skipulagsráðs og þar bara fer fram mjög góð umræða um nánast allt sem kemur að skipulagi Reykjavíkurborgar. Sú vinna er ekki búin og það er margt eftir í þeim efnum. En þar fyrir utan, þá er skipulagsgerð ekki á okkar valdi. Það er ekki á valdi sveitarstjórnar einnar saman. Það er enginn annar málaflokkur sem er skuldbundinn til þess samkvæmt lögum að eiga samráð við borgarbúa hvern og einn sem hagsmuni kann að eiga að skipulagsgerðinni og taka mark á því. Takið eftir því. Það er ekki nóg að fara að senda út einhverjar tilkynningar og senda út einhver drög að deiliskipulagi, hverfaskipulagi eða aðalskipulagi, það verður að vera sannur vilji til þess að hlusta á þær ábendingar og athugasemdir sem koma frá borgarbúum, taka mark á þeim og nýta okkur í þá vinnu. Að því leyti segi ég: við höfum ekki skipulagsvaldið. Skipulagsvaldið höfum við einungis með því samráði og þeirri samvinnu sem okkur ber skylda til að eiga við þá borgarbúa sem eiga eftir að fjalla um það.

Bstj. 30. nóvember 2011

Og það á náttúrulega við um aðalskipulagið ekki síður og þess vegna tel ég að tilvitnanir í aðalskipulag á þessu stigi, sem aldrei hefur verið kynnt, eða teikningar af til dæmis miðborgarás, og það er fjallað um það hér í ræðustól af hálfu borgarfulltrúans Dags B. Eggertssonar, eru bara mjög vafasamar fullyrðingar hér í þessu plaggi og nær hefði þá verið að leyfa aðalskipulagsgerðinni að hafa sinn gang og það klárast með eðlilegum hætti og samkvæmt því ferli sem lög kveða á um. Það getur tekið tíma, en síðan auðvitað verða hluti af þessu. Og auðvitað er það kannski einn ríkasti þátturinn og sjálfsagðasti af hálfu Reykjavíkurborgar í atvinnuuppbyggingu sem kemur þá að atvinnustefnu Reykjavíkur, einmitt aðalskipulag Reykjavíkur og það hverfaskipulag og deiliskipulag sem síðan byggir á aðalskipulaginu og aðalskipulagið getur auðvitað í sinni stefnumótun, sem nær auðvitað langt út fyrir þá kortagerð sem fylgir aðalskipulaginu, mótað atvinnustefnu á mjög mikilvægum sviðum.

Hér er í þessu plaggi minnst á Vatnsmýrina og það er vitnað til dæmis í aðalskipulagið varðandi heildarskipulag Vatnsmýrarinnar og það er auðvitað mál sem kannski er akkúrat á mjög viðkvæmum stað um þessar mundir og þá sérstaklega í atvinnulegu tilliti. Og þá hljóta borgarfulltrúar allir að velta fyrir sér hvort það sé aðkallandi mál á þessum tímum, einmitt að ýta í burtu þeirri atvinnustarfsemi sem nú er á Vatnsmýrarsvæðinu og tengist flugvellingum og það er talið að þar séu einhversstaðar á bilinu, einhverjir segja 6-700 en aðrir segja ennþá meira, manns sem hafa beina eða óbeina atvinnu af flugvellingum. Það getur komið sá tími og ég hef reyndar trú á því að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýrinni. En það er ekki að gerast á næstunni, það sjá allir sem bara horfa á þá uppbyggingu sem liggur fyrir okkur í Reykjavíkurborg, sjá það í auðu svæði sem bíða uppbyggingar. Þau auðu svæði sem bíða uppbyggingar á höfuðborgarsvæðinu því við verðum auðvitað að taka tillit til höfuðborgarsvæðisins í heild sinni þegar við erum að fara yfir uppbyggingu til næstu ára því ekki viljum við með því að rjúka inn í Vatnsmýrina stofna bara til samkeppni við okkur sjálf og önnur sveitarfélög, það hefur ekki reynst vel, við höfum reynslu af því, og þar með láta þau svæði sem standa auð í dag halda áfram að standa auð til næstu áratuga og kannski byggjast ekki upp.

Bstj. 30. nóvember 2011

Þannig að þetta verður að hugsa í heild sinni og verður auðvitað að vera líka hluti af atvinnustefnunni og hvernig við byggjum hana upp. Ég tek undir þá tillögu sem hér var flutt áðan af hálfu minnihlutans hér í borgarstjórn, Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna, um að þetta mál verði unnið þvert á flokka og aðrir flokkar komi að uppbyggingu og sköpun atvinnustefnu. Ég sé enga hættu í því. Ég skil ekki hvernig menn ættu að hafa óttast það að Sjálfstæðisflokkurinn eða Vinstri grænir kæmu að því að móta atvinnustefnu í Reykjavík en ég ítreka að þá er engu að síður mjög langt í land og við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum ekki að skrifa stefnu fyrir okkur sjálf eða þá stjórnáamenn sem við þekkjum eða inn í það língó, ef ég má orða það svo, sem við notum í daglegu tali heldur auðvitað verðum við að beina orðum okkar til atvinnulífsins og tala því máli sem þar er skýrt og með þeirri framsetningu sem er skýr og við verðum líka að hugsa að því að atvinnustefna sem liggur ofan í skúffu hér í Ráðhúsinu hefur bara ekkert gildi. Hún hefur ekki gildi fyrr en innihald hennar hefur verið kynnt þeim sem eru að velta fyrir sér uppbyggingu og koma mest að uppbyggingu á næstu árum og geta þá nýtt sér aðgengilega atvinnustefnu til þess að velja hugsanlega til dæmis það svæði sem myndi henta þeim fyrirtækjarekstri sem viðkomandi aðilar eru í til uppbyggingar.

Þetta eru svona helstu atriði sem ég vildi nefna varðandi atvinnustefnuna. Enn á ný lýsi ég mig tilbúinn til þess að koma að þessari vinnu og leggja hönd á plóg til þess að búa til úr þessu það plagg sem getur nýst Reykjavíkurborg og koma heildarsvip á þetta plagg sem augljóslega er tekið svona héðan og þaðan, þetta er svona copy/paste plagg. Og það er allt í lagi, við þolum það alveg að sjá plögg sem þessar stefnur, sem eru ekki tilbúnar en við eigum þá auðvitað öllsömum að leggjast á eitt við að reyna að búa til góða og skýra atvinnustefnu fyrir Reykjavíkurborg sem er ekki einkaverkefni eins manns eða kannski tveggja.

Forseti: Þá hefur Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarstjóri háttvirtur ... Eða var það athugasemd? Þá tekur til máls háttvirtur borgarstjóri.

2. mál Atvinnustefna Reykjavíkurborgar

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil byrja á því að þakka atvinnumálahópi fyrir þessa vinnu og þakka líka borgarfulltrúum fyrir góðar ræður og mörg góð orð. Mig langar til að segja varðandi upphaf þessarar vinnu og þetta sem kom fram hér í máli borgarfulltrúa Sóleyjar Tómasdóttur með störf aðgerðahóps og hvernig hann síðan var leystur upp eða bara hætti, að þá var það minn skilningur að þessi vinna, þessi atvinnustefna færi þá fram á ábyrgð meirihlutans og ég tek bara fagnandi allri gagnrýni á þessa stefnu og tel náttúrliga bara hana af hinu góða og varðandi til dæmis, eins og borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir kom inn á, jafnréttissjónarmið sem ég tel bara gríðarlega mikilvæg. En varðandi borgina og það sem ég tel vera gríðarmikilvægt, auðvitað verður svona stefna aldrei fullkomin og algjörlega öllum til geðs. En við getum unnið saman að því að reyna að finna leiðir til að gera hana sem næst því.

Mér koma í huga orð Leo Tolstoj, sem var rússneskur rithöfundur, sem sagði eitthvað á þá leið að allir vilja breyta heiminum en enginn vill breyta sjálfum sér og það sem mér finnst vera svo mikilvægt fyrir Reykjavík, einhvern veginn fyrsta skrefið áður en Reykjavík leggur af stað, að hún svona „groundi“ sig og svona taki sér stöðu sem leiðandi afl eða kannski taki sér, auðvitað hefur hún tekið sér þá stöðu, en taki sér enn frekar stöðu sem leiðandi afl, bæði innanlands og alþjóðlega. Og að því vil ég vinna og það sem mér finnst til dæmis mikið lykilatridi, það er að auka gildi vörumerkis borgarinnar, með svo sem hvaða hætti það er gert. Þannig að ég bara fagna þessum drögum og fagna því að vinna að framgangi og bjartri framtíð Reykjavíkur þar sem vonandi sem flestum líður vel og næstum því allir eru glaðir. Takk fyrir.

Forseti: Þá hefur háttvirtur borgarstjóri lokið máli sínu. Þá veitir andsvar borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

2. mál Atvinnustefna Reykjavíkurborgar

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég hef ekki ennþá fengið svar við þessu með starfshópinn, atvinnumálahópinn. Borgarstjóri sagði að það hefði verið sinn skilningur að við hefðum falið meirihlutanum að sjá um þetta. Ég vil bara vita það hvar ákvörðunin var tekin um að skipa þennan atvinnumálahóp, hver tók ákvörðunina, hvenær var ákvörðunin tekin og hverjir sátu í atvinnumálahópnum. Borgarstjóri skipaði þennan hóp samkvæmt blaði sem fylgir þessari atvinnustefnu. Ég vil vita hverjir sátu í honum og ég vil vita hvenær hann var skipaður vegna þess að það var ekki gert með minni vitund og ekki með mínum vilja.

Forseti: Þá hefur Sóley Tómasdóttir veitt andsvar. Ég vil taka það fram vegna málsmeðferðar hér áðan að þegar um almennar málsmeðferðartillögur er að ræða um að vísa máli til borgarráðs eða eitthvað slíkt, þá eru þær ekki teknar á dagskrá. En hér er málsmeðferðartillaga sem er efnisleg um að skipa starfshóp sem taki að sér ákveðið verkefni og þetta er í rauninni bara algjör tillaga. Þannig að ég stend ennþá við þá afgreiðslu að þetta hafi verið tekið á dagskrá með þeim hætti sem gert var áðan. Með vísan í 33. gr. samþykktu um stjórn borgarinnar. En aftur að umræðunni. Næstur tekur til máls borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

2. mál Atvinnustefna Reykjavíkurborgar

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil líkt og aðrir þakka umræðuna sem verið hefur um þetta mál í dag. Ég hef ekki miklu við að bæta þá efnislegu yfirferð sem Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi fór hér í áðan. Fyrst og síðast er ég þeirrar skoðunar og tek undir með honum í því að mér finnst að það eigi að skerpa plaggið áður en hægt er að taka beina afstöðu til innihalds þess. Mér finnst nokkuð óljóst hvert er stefnt og nákvæmlega hvert væri svarið við því ef spurt væri hver er atvinnustefna Reykjavíkur? Og þá á ég við að það væri ekki veifað þessu plaggi heldur hvernig viljum við nákvæmlega búa að atvinnulífinu, aðstæðum og aðstöðu, og mér finnst það ekki mjög skýrt í þessu plaggi. Ég minni líka á plaggið sem ég nefndi hér áðan sem er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar þar sem talað er um atvinnustefnuna og mikilvægi þess að nálgast hana metnaðarfullt og yfirgripsmikið og þar er sérstaklega talað um tengslin við háskólalífið sem mér finnst aðeins vanta hér.

Það var svona niðurstaðan úr þessari miklu vinnu sem var í kringum sóknaráætlunina þar sem menn voru auðvitað að velta fyrst og síðast fyrir sér hvernig við gætum tekið á verkefnum borgarinnar til framtíðar og þó svo að það sé hér kafla sem heitir þekkingarborgin, sem ég hvet borgarfulltrúa til að lesa vel, því þrátt fyrir að það sé nefnd ýmis verkefni þar þá er ekki beint talað um það hvernig við skulum búa að háskólum eða hvernig við getum tryggt það, eins og talað er um í sóknaráætluninni, að starfsemi háskóla tengist atvinnulífinu öfluglega. Það er svona það sem ég rek augun í en fyrst og síðast finnst mér þurfa að ydda þetta verulega og mér finnst líka, ég er aðeins hugsí yfir því af því að nú stendur til að vísa þessu til fagráða, mér heyrir á meirihlutanum, allavega hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson að sú tillaga sem Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi mælti hér fyrir fyrir hönd minnihlutans, borgarfulltrúinn lagði til að hún verði felld sem mér finnst slæmt og tel að verði til vansa og ég held að það sé líka og legg til allavega ef á að vísa þessu inn í fagráðin, þá verði erindi það sem fylgir með slíkri tilvísun, það verði yddað einnig.

Ég er ekki alveg viss um að fagráðin nákvæmlega átti sig á því hvernig þau eigi að fara yfir þetta. Eiga fagráðin til dæmis að leggja til nýja kafla? Eiga þau að fara yfir einungis þá kafla sem tilheyra þeirra verkefnum? Dagur B. Eggertsson sagði

hér áðan: þetta á ekki að vera allra stefna. Þannig að það er ekki hægt að innihalda fullt af hlutum sem Sóley Tómasdóttir nefndi, sem mér fundust vera mikilvægir. Nú, á þá að senda þetta inn til velferðarsviðs? Á þá að senda þetta inn til Íþrótt- og tómstundasviðs eða -ráðs í þessum tilvikum? Á að senda þetta til ... á skóla- og fræðsluráð að fá tækifæri til að tjá sig um það, eða hvernig er það? Mér finnst það ekki liggja ljóst fyrir og óska eftir skýringum á því ef það liggur ljóst fyrir en hefur ekki verið greint frá því nákvæmlega.

Síðan vildi ég nefna það, vegna þess að hér hefur verið nokkur umræða um það og ég ítreka þær fyrirspurnir sem lagðar hafa verið hér fram og ég óska eftir svörum frá borgarstjóra á fundinum um það, það er alveg hárrétt sem kom fram hjá borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur að það var sameiginleg ákvörðun aðgerðahóps á sínum tíma að leggja sjálfan sig niður. Það var ekkert einhver ákvörðun sem ég og Sóley Tómasdóttir tókum eða Dagur B. Eggertsson einn og sér eða aðrir sem í hópnum sátu, heldur sögðum við bara öll; heyrðu, þetta er bara ekki að ganga hjá okkur, þetta er ekki að virka vel, þetta er greinilega tímaeyðsla, við skulum leggja þetta af. Engin ákvörðun var á þeim fundi tekin um framhald málsins. Engu að síður er rétt að minna Dag B. Eggertsson á það, ef hann skyldi hafa gleymt því, að mikil umræða hafði verið áður á fundum aðgerðahóps um fyrirkomulag atvinnuhóps. Það var nefnilega skilningur okkar í minnihlutunum eftir samkomulag sem gert var eftir kosningar hér á milli meirihluta og minnihluta að formaður atvinnuhóps skyldi koma úr okkar röðum. Þannig að það var mikið og ítrekað rætt um það og ég ætla ekkert að nefna nafnið sem var til umræðu þar ítrekað aftur og aftur, það var semsagt skilningur okkar á samkomulaginu sem gert hafði verið að formaður atvinnuhóps yrði úr röðum minnihluta en ekki úr röðum meirihluta. Það var sú umræða sem að mestu leyti fór í umræðuna um atvinnuhópinn.

Síðan auðvitað vildi Dagur B. Eggertsson ekki skilja, ég ætla ekkert að útskýra það frekar en hann vildi ekki fallast á þann skilning þannig að vinnan var hafin án þess að það væri í raun og veru leyst og ekki hafði verið mikil umræða á þessum vettvangi þegar hópurinn ákveður, aðgerðahópurinn, að slíta því samstarfi sem verið hafði eins og menn muna. Þá hafði komið til eins fundar við aðgerðahópinn þessir aðilar sem tengdust Expectus fyrirtækinu og það er eins og Sóley

Bstj. 30. nóvember 2011

Tómasdóttir segir réttilega, þá var enginn beiðni um slíkt eða tillaga um slíkt nokkru sinni lögð fyrir aðgerðahópin heldur kom það okkur á óvart þegar þeir ráðgjafar komu inn á fundinn og okkur var tjáð að þetta væri ákvörðun sem var tekin annars staðar og það er kannski ástæða til að spyrja að því hvað sú vinna kostaði og hvar heimildin til slíks var gefin og hvernig það allt saman fór af stað.

Eins veit ég, og með fullri virðingu fyrir þeim góða manni, Bjarna Daníelssyni, sem hefur verið ráðinn sem verkefnisstjóri, þá var það ekki heldur borið undir okkur, ég veit ekki til þess að það hafi einu sinni verið auglýst, það starf, en það er svo annað mál. Ég held hinsvegar að í þessu verði menn, og ef menn ætla að vísa þessu til fagráðanna, þá verði menn að gera það þannig að það sé rétt og satt það sem kemur fram í bréfinu með þessu hér sem fylgir og liggur hér frammi. Það bréf er ekki rétt og satt samkvæmt mínum skilningi og ekki samkvæmt skilningi nokkurs okkar í minnihlutanum, þannig að eigi það, hæstvirtur forseti, þetta bréf sem hefur verið lagt hér fram, eigi það að fylgja frá borgarstjórn, þá verður að lagfæra það bréf. Það getur ekki fylgt í þessu formi. En svo verður auðvitað bara að ýta þessu bréfi til hliðar, það er undirritað af Degi B. Eggertssyni sem ég veit ekki hver skipaði formann í umræddum atvinnumálahópi en ég óska aftur eftir svörum, og það getur ekki verið flókið. Sóley Tómasdóttir er búin að gera það og við því hafa ekki fengist svör, það stendur í þessu bréfi orðrétt: „Í kjölfar þess að aðgerðahópur var lagður af,“ sem er alveg rétt, „skipaði borgarstjóri nýjan starfshóp til að ljúka mótun atvinnustefnu og nýsköpunarstefnu fyrir Reykjavíkurborg.“ Ég spyr: hvaða fulltrúa skipaði borgarstjóri í þennan starfshóp? Hvar er bréfið, skipunarbréfið þeirra og hverjir eru í þessum hópi?

Það er náttúrulega alveg makalaust að við séum yfirleitt að ræða þetta á þessum vettvangi en hver er í þessum hópi? Hverjir voru skipaðir í hópinn? Ég veit reyndar að í honum er Dagur B. Eggertsson, þannig að þetta er kannski atvinnustefna Dags B. Eggertssonar frekar en atvinnustefna Reykjavíkur, ég held að hann hafi verið eini borgarfulltrúinn sem hefur tekið þátt í þessari vinnu. Aðstoðarmaður borgarstjóra er ekki borgarfulltrúi, þannig að atvinnustefnan að þessu sinni, sem átti að vera mjög mikilvægt plagg, er unnin af einum borgarfulltrúa ef ég þekki rétt. En ég ætla ekki að fullyrða það, ég óska bara eftir því að það verði lagt fram hér á fundinum þetta skipunarbréf sem sagt er að

Bstj. 30. nóvember 2011

borgarstjóri, að hann hafi skipað þennan nýja starfshóp og hvar eru þau bréf og hverjir sitja í þeim hópi? Mér þætti vænt um að fá upplýsingar um það. Og eins óska ég eftir upplýsingum um kostnað vegna verkefnisins, það þarf ekki að bera það inn á fundinn hér enda tengist það ekki beint afgreiðslunni en þar sem allt þetta plagg er borið upp í nafni atvinnumálahóps, bréfið er undirritað af formanni atvinnumálahóps og atvinnumálahópur er sagður bera ábyrgð á verkinu, þá er nú eðlilegt áður en við vísum því til frekari afgreiðslu inn í fagraðum eins og við ætlum að gera hér á fundinum, að það sé ljóst hverjir sitja í atvinnumálahópnum.

Svo held ég að þetta sé enn eitt dæmið, því miður, og ég ætla ekki að segja að það sé einhverjum einum að kenna, það er örugglega fleirum að kenna og örugglega eigum við öll einhverja aðild að því, en þetta er enn eitt dæmið um það hvernig góð verkefni geta orðið að einhverjum vandræðagangi sem var í rauninni algjörlega óþarfur en ber nú ekki vott um svona mjög þroskaða pólitíska nálgun af hálfu borgarstjórnar að við séum að ræða hér svona brýn stór verkefni en séum ekki með þessa hluti á hreinu og þess vegna líka harma ég það, ef það verður, að það verði ekki fallist á þá tillögu að skipa þá hóp sem er þá skipaður fulltrúum allra flokka sem fær þetta verkefni og klárar það með sóma. Ég held að það væri góður bragur af því. En ég ítreka þessa beiðni að borgarstjóri svari því hverja hann skipaði í þennan nýja starfshóp.

Forseti: Borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

2. mál Atvinnustefna Reykjavíkurborgar

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Mér skilst á forseta að umræðunni sé að ljúka, það hafa ekki margir óskað eftir að tala til viðbótar og það undrar mig örlítið að hafa ekki heyrt í formönnum fagraða um þær áherslur sem hér er verið að leggja til. Ég myndi mjög gjarnan vilja heyra að minnsta kosti í formönnum skóla- og frístundasviðs, íþróttá- og tómstundasviðs og velferðarsviðs, hvort þær séu sáttar við að þeirra málaflokkar hafi í raun og veru ekkert vægi inni í þessari stefnu og það sé ekki litið á þessi mál sem atvinnumál. En það er svosem ykkar ákvörðun hvort þið komið hérna upp og ræðið það eða hvort þið eftirlátið strákunum að sjá um þetta.

Ég vildi líka, vegna þess að Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi kom inn á það hérna áðan hverjir hefðu setið í hópnum og að það væri erfitt einhvern veginn að halda áfram og leita eftir umsögnum ef við vissum ekki hverjir þetta væru og hvernig þetta hefur verið unnið, ég held líka að það sé mjög vont að vera að leita eftir umsögnum einhversstaðar um þetta mál þegar við vitum ekki hverjir hagsmunaaðilarnir voru sem haft var samráð við. Ég hef ekki hugmynd um við hverja var talað, ég hef ekki hugmynd um hvort ég á að leggja það til hérna að þetta verði sent til Jafnréttisstofu eða Landverndar eða hvert ég ætti að senda þetta til umsagnar vegna þess að ég veit ekki við hverja hefur verið talað. Ég hef ekki hugmynd um hvernig þessi stefna var unnin, ég hef ekki hugmynd um hverjir hafa komið að henni eða sett fram sínar áherslur, en ég gæti þulið hér upp langan lista af hagsmunaaðilum sem mér finnst mjög eðlilegt að veiti umsögn um þetta og geri bara athugasemdir við það hvernig þetta er unnið eða það sem þarna stendur. Ég get nefnt bara Jafnréttisstofu, ég get nefnt Femínistafélag Íslands, ég get nefnt Öryrkjabandalag Íslands, ég get nefnt Landsamtök aldraðra eða Félag eldri borgara. Ég get þulið upp hér langan lista af fólki eða hagsmunasamtökum sem mér finnst mjög mikilvægt að fá skoðun frá á þessu máli en eins og ég segi, þá hef ég ekki hugmynd um við hverja þeir töluðu þegar þeir voru að gera og græja plaggið sitt og þess vegna veit ég ekki hvort þetta fólk hefur sagt sína skoðun og er sáttt eða ekki. En það kemur mér kannski ekki við frekar en annað í tengslum við þetta mál.

Bstj. 30. nóvember 2011

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Þá veitir andsvar borgarstjóri.

2. mál Atvinnustefna Reykjavíkurborgar

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég tel mig nú kannski meira vera að veita svar en andsvar en það er bara persónuleg upplifun. Það hefur verið kallað hér eftir upplýsingum um uppruna atvinnuálagshóps og þetta erindisbréf sem liggur nú fyrir. En samkvæmt því skipaði ég aðgerðateymi sviðsstjóra, sem ásamt formanni borgarráðs á að vinna að því að móta atvinnustefnu, nýsköpunarstefnu og aðgerðir í atvinnuálagum til lengri og skemmri tíma. Hópurinn er skipaður þverfaglegu teymi sviðsstjóra; sviðsstjóra framkvæmda- og eignasviðs, skipulagsstjóra, framkvæmdastjóra ÍTR, skrifstofustjóra borgarstjóra, sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs og sviðsstjóra velferðarsviðs og jafnframt vinnur aðstoðarmaður minn með hópnum. Samkvæmt erindisbréfinu er einnig gert ráð fyrir að með teyminu starfi fjármálastjóri, mannauðsstjóri, borgarhagfræðingur og aðrir embættismenn borgarinnar eftir þörfum og líka er gert ráð fyrir að fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur og Faxaflóahafna verði kallaðir til samráðs og vinnu með hópnum eftir því sem talin er þörf á og viðeigandi. Og eins og ég sagði verður embættisbréfið líka lagt fram. Takk fyrir.

Forseti: Þá hefur háttvirtur borgarstjóri veitt svar, þetta er andsvar við ræðu borgarfulltrúa Sóleyjar Tómasdóttur. Þá svarar andsvari Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi.

Bstj. 30. nóvember 2011

2. mál Atvinnustefna Reykjavíkurborgar

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég þakka langþráð svar sem hefði verið ágætt að fá fram hér fyrr á fundinum, kannski eftir fyrstu ræðu mína eða sem svar við fyrsta andsvari mínu við ræðu borgarstjóra. En sök sér, þetta er komið. Þá vantar bara hagsmunaaðilana. Hverjir voru það? Við hverja var talað? Það væri rosalega fínt ef sá listi yrði lagður fram hér líka, bæði nöfn og félög eða hagsmunasamtök, að það yrði kynnt hér á fundinum, vegna þess að ég vil að þetta verði þá sent til umsagnar fleiri aðila eða haft samráð við fleiri aðila ef þörf krefur.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir svarað andsvari. Þá tekur næst til máls borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson.

2. mál Atvinnustefna Reykjavíkurborgar

Einar Örn Benediktsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Hérna er til umræðu atvinnumálastefna. Ég kom að því að skrifa þau orð sem eru í þessari atvinnumálastefnu sem snúa að menningar- og ferðamálastefnu þessarar atvinnumálastefnu, þannig að það sé á tæru. Í þeim orðum sem við skrifuðum þar, þau eru lögð til grundvallar til umsagnar fyrir aðra hagsmunaaðila. Ef það er eitthvað sem mér hefur yfirsétt að ætti að vera í þessari stefnu, þá kemur það í þeim umsögnum sem koma til. Minn skilningur, þó að hann sé ekki alltaf réttur, er sá að þessi atvinnumálastefna sé send út núna til umsagnar allra hagsmunaaðila og þá ættu það að vera allir hagsmunaaðilar sem ég hef heyrt hérna minnst á, hvort sem það er, ja, ég ætla ekki að fara að byrja að telja það upp en ég tel að með þessari, hvað eigum við að segja, þessum grunni, þessari beinagrind, þó að það sé kjöt á beinunum, þá er þetta ... Nei, nei, þessari bara atvinnumálastefnu, ég ætla að sleppa við myndlíkingar, þá tel ég að með þeim umsögnum sem eiga eftir að koma inn, þá verði það samráð sem þarf og þegar hún kemur til umræðu inni í því ráði sem ég veiti forstöðu, að þá getum við þá tekið það til umræðu, atvinnustefnuna í heild sinni þannig að það verði þá umsögn frá okkar ráði og það held ég að verði ekki í einni setningu, heldur verði eitthvað fleira og síðan er það að vinna úr því þannig að við getum fengið þessa atvinnumálastefnu í umferð og þannig að við getum farið að vinna eftir henni þannig að Reykjavík verði skapandi borg. Takk fyrir.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

2. mál Atvinnustefna Reykjavíkurborgar

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Hér skiptist eiginlega á tvennt. Annars vegar eru fínar málefnalegar athugasemdir við einstaka hluti sem má örugglega orða skýrar og jafnvel betur og einhverju má bæta við. Ég er ekki viss, og bara til að skýra það enn frekar, þegar verið er að kalla eftir stefnu okkar gagnvart eigin starfsfólki, þá er hún til og heitir starfsmannastefna Reykjavíkurborgar. Ég er ekki viss um að við eigum að bæta henni við sem fylgiskjali nema það sé þá af þessu tilefni ástæða til að gera einhverjar beinar breytingar á því og út af fyrir sig getur einhver gert slíkar tillögur en það kom ekki upp í þessu starfi.

Við vorum fyrst og fremst að huga að þeim í samfélaginu sem eru atvinnulausir, og það er sérstök umfjöllun um það, með mjög virkri og ríkri þátttöku að sjálfsögðu velferðarsviðs og mannauðsskrifstofu og annarra sem hafa komið að því, og síðan er þetta, beinist vissulega miklu minna inn á við heldur en út á við að atvinnulífinu sem er að skapa tekjur og veita fólki störf, því það dugir ekki bara að borgin vaxi heldur verður það að vaxa, en líka í rétta átt og þess vegna erum við að leggja fram þessa stefnuvísa þannig að við aukum fjölbreytnina í atvinnulífinu, gerum meira fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki en bíðum ekki eftir einu stóru lausninni.

Hér er búið að fara yfir hverjir voru í atvinnumálahópnum og ég vil þakka borgarstjóra fyrir það. Það er líka kallað eftir því við hverja var haft samráð á meðan þetta mál var ennþá hjá aðgerðahópnum og sá listi var raunar lagður fram þar á einum síðasta fundi hans og það er Alþýðusambandið, Arion-banki, Bandalag háskólamanna, BSRB, efnahags- og viðskiptaráðuneytið, Fjárfestingastofa, forsætisráðuneytið, Framtakssjóður, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Hugmyndahús háskólanna, Hönnunarmiðstöð, Íslandsbanki, Jafnréttisstofa, Kennarasamband Íslands, Landsbanki Íslands, Landspítali, Listaháskóli Íslands, Nýsköpunarmiðstöð, Samtök atvinnulífsins, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök iðnaðarins, Samtök íslenskra fiskimanna, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Samtök verslunar og þjónustu, Skýrr, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum, Samiðn og Samtök í ferðaþjónustu. Og þá er ég bara að tala um þá

Bstj. 30. nóvember 2011

sem var haft beint samráð við í tengslum við þetta og fyrstu 25 nöfnin, þar var haldinn sérstakur fundur.

Síðan var auðvitað í tengslum við undirbúning aðalskipulags haft samband við ennþá stærri hóp í því samhengi, í sambandi við undirbúning ferðamálastefnunnar mjög stóran hóp og svo framvegis. Þannig að þetta byggir á mjög miklu samráði. Þarna eru til dæmis ekki nefnd Vinnumálastofnun eða aðrir sem hafa komið að þessu sem snýr að vinnumarkaðsúræðum og virkni, þannig að ég held að við höfum nokkuð góðan grunn en ég tek bara undir með borgarfulltrúum sem segja að þetta verði ennþá betra þegar þetta er búið að fara til umfjöllunar inni í fagráðunum og til þessara aðila aftur. Af því að þau auðvitað fengu bara færi á að koma að þessu á frumstigi og það verður spennandi að sjá hverju þau vilja bæta við eða gauka að okkur í þessu.

En mig grunar að umræðan um þessi drög verði á nokkuð öðrum nótum heldur en hér í borgarstjórn og mér leiðist að segja það en stundum finnst mér við leyfa okkur í umræðum hér á milli að dansa í einhverskonar fílabEinsturni sem er í engu samræmi við þau jákvæðu viðbrögð sem við fengum í fyrsta lagi við það í atvinnulífinu að vera að móta þessa stefnu, í öðru lagi að það ætti að aðgerðabinda hana og í þriðja lagi að Reykjavíkurborg ætlaði að taka forystu í þessu því það væri löngu tímabært og ég held að minnihlutanum sé bara gerður nokkuð mikill greiði með því að fella tillögu um að setja þetta í nefnd í hálf t.ár í staðinn fyrir að senda þetta frekar, þó að þetta sé sjálfsagt ekki fullkomið, út til umsagnar í atvinnulífið sjálft, inn í fagráðin, sem tryggir ekki bara að einhver lítill hópur hangi á þessu roði í hálf t.ár heldur að allir kjörnir fulltrúar og allt nefndafólk okkar fái að koma að þessu.

Það er að sjálfsögðu réttur skilningur, eins og farið var yfir af Einari Erni Benediktssyni borgarfulltrúa, að ráðin fara bara yfir þetta og koma með þær ábendingar og athugasemdir sem þau telja skynsamlegt og síðan verður farið yfir það í heild en ég á ekkert síður von á því að við fáum fínar ábendingar úr þessum samtökum í atvinnulífinu og ég vil bara hvetja borgarráðsfulltrúa og borgarfulltrúa að koma þá ábendingum um hvar þetta ætti að fara víðar til síns fólks í borgarráði þannig að við reynum að afgreiða þann lista á fundinum á morgun þannig að við fáum bara viðbrögð á þetta.

Bstj. 30. nóvember 2011

Satt best að segja, þá er verið að nota þetta meira og meira í svona stefnumörkun að setja hlutina út þegar þeir eru í dröngum og ég held að það sé bara gott. Þá fáum við bara viðbrögð á þetta, sjáum hvað er sterkt og hvað er veikara og hvað mætti styrkja, hverju er ofaukið og hverju mætti bæta við, en aðalmálið er þetta: við ætlum að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að bæta atvinnulífið, auka atvinnu og gera það eins hratt og við getum. Við ætlum að stilla upp markvissri aðgerðaáætlun þannig að þetta séu ekki bara orð á blaði og við viljum fá viðbrögð á það hvort þetta séu aðgerðirnar sem skipta mestu, hvort við þurfum að bæta einhverju þarna við eða hvar einhverjum kann að finnast við vera á einhverjum villigötum.

Þannig að ég ætlaði að leggja til í samræmi við bréfið sem fylgdi atvinnustefnunni til borgarráðs, og ég veit ekki hvort forseti lítur á það sem aðra málsmeðferðartillögu eða hvað, en ég vil leggja til að:

Borgarráð leiti umsagna lykilhagsmunaaðila í atvinnulífi og samfélagi auk allra fagraða Reykjavíkur, fyrirtækja borgarinnar, framkvæmda- og eignasviðs, fjármálaskrifstofu, innkaupaskrifstofu, mannauðsskrifstofu og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Þar með er tryggð aðkoma allra kjörinna fulltrúa og fleiri og því legg ég til að tafatillaga minnihlutans verði felld.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

2. mál Atvinnustefna Reykjavíkurborgar

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Bara örstutt í lokin, og takk fyrir þetta erindisbréf sem hefur verið lagt hér fram. Ég vil samt spyrja borgarstjóra að því, vegna þess að ályktun eða ákvörðun borgarstjórnar á sínum tíma þegar tillagan um atvinnustefnu var samþykkt hér var mjög skýr. Hún var um það að borgarstjórn fæli aðgerðahópi, sem í væru fulltrúar meirihluta og minnihluta, að vinna þessa atvinnustefnu. Síðan gerist það að þessi hópur er lagður niður. Þá hefði auðvitað verið eðlilegasti hlutur í heimi, annað hvort að borgarráð færi yfir það, jafnvel borgarstjórn, hvernig halda bæri þá á málum sem hafði verið skipað í þann hóp.

Hver gaf borgarstjóra heimild, einum og sér, ég sé ekki að málið hafi einu sinni farið fyrir borgarráð, þetta erindisbréf þar sem er skipað eitthvað aðgerðateymi sviðsstjóra eins og það er hér orðað, sem vinnur með formanni borgarráðs við að móta atvinnustefnu, hver veitti borgarstjóra heimild til þess að taka svona ákvörðun sem borgarstjórn hafði sameiginlega tekið um að skipa skyldi í þverpólítískan aðgerðahóp, hver veitti honum heimild til þess að setja málið í þennan farveg og skipa fulltrúa sem eru ekki í þverpólítískum hópi, sem eru ekki einu sinni borgarfulltrúar, hvar fékk hann heimild til þess? Ég man ekki til þess að slík heimild hafi verið veitt af borgarráði, sem eitt getur gert það, eða borgarstjórn og ég vil meina að hér hafi bara borgarstjóri athafnað sig með einhverjum þeim hætti sem hann hefur engar heimildir til. Allavega ekki til þess að móta atvinnustefnu fyrir Borgarstjórn Reykjavíkur. Þetta getur þá verið atvinnustefna fyrir borgarstjóra eða jafnvel eitthvað sem er bara fyrir meirihlutann, þá.

En ég vil meina að þetta sé bara í algjöru heimildaleysi sem borgarstjóri skipar þennan hóp og ef það er rangt hjá mér þá vil ég óska eftir upplýsingum um það hvenær borgarráð veitti borgarstjóra þessa heimild, hvar hún sé og á hvaða fundi þetta var ákveðið, því borgarstjóri hefur engar heimildir, engar heimildir til að breyta ákvörðunum borgarstjórnar. Borgarstjórn tók ákvörðun, sú forsenda brast þegar aðgerðahópurinn var lagður af í samkomulagi okkar allra, en hver veitti borgarstjóra heimild einhliða til þess að skipa þennan hóp?

Bstj. 30. nóvember 2011

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu. Forseti óskar eftir örstuttu fundarhléi áður en gengið verður til atkvæða um þá tillögu sem hér liggur fyrir og að gefnu tilefni vil ég ítreka það að gert verður matarhlé fljótlega á fundinum. En það er örstutt fundarhlé.

[Hlé]

Forseti: [Forseti slær í bjöllu]. Þá er fundi fram haldið í Borgarstjórn Reykjavíkur. Umræðu er lokið um þennan lið, atvinnustefna Reykjavíkurborgar. Það var lögð hérna fram málsmeðferðartillaga frá fulltrúum minnihlutans sem nú er tekin til afgreiðslu. Er óskað eftir því að ég lesi hana upp? Ef ekki, þeir sem eru samþykkir því að setja á laggirnar starfshóp sem skili niðurstöðum 15. maí 2012 gefið merki. Þeir sem fella vilja þessa tillögu gefið merki. Hún er þá felld með níu atkvæðum gegn sex. Í gögnum málsins var málsmeðferðartillaga um að borgarráð leiti umsagnar lykilhagsmunaaðila í atvinnulífi og samfélagi varðandi drög að þessari atvinnustefnu sem hér hefur verið til umræðu, ég legg til að borgarstjórn samþykki þá málsmeðferð að borgarráð fari í þetta umsagnarferli sem hér er lagt til. Þeir sem samþykkja vilja þá málsmeðferð gefið merki. Einhver á móti? Það er samþykkt með níu samhljóða atkvæðum. Þá er umræðu um þennan lið lokið [frammícall].

Það hefur komið fram spurning hér áðan í umræðunni, í lok umræðunnar, því verður svarað þá á vettvangi borgarráðs sem fer með málið áfram, er áfram með málið til meðferðar og það er borgarráð sem mun leita umsagnar þessara aðila þannig að þetta verður á dagskrá borgarráðs strax á næsta fundi borgarráðs, hlýtur að vera. Borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir óskar eftir athugasemd við fundarsköp.